



Heit og ljúffeng

PIZZA

HAMRABORG
Hafnarstræti 7 · 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsúmsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

Afgreiðsla
Landsbankans
í Neista er opin
fimmtudaga og
föstudaga
frá kl. 16-18
Sími 410 8119

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Miðvikudagur 18. janúar 2006 · 3. tbl. · 23. árg.



Fólk var jákvætt fyrir nýju aðstöðunni og því sem er í boði hjá Fræðslumiðstöðinni.

Fjöldi gesta á opnu húsi

Fjöldi fólks lagði leið sína í Fræðslumiðstöð Vestfjarða á laugardag til að kynna sér hvað sé í boði í vetrarstarfið og nýtt húsnæði. „Það komu þó nokkrir gestir og ég er mjög ánægður. Fólk virtist vera jákvætt fyrir nýju aðstöðunni og því sem er í boði hjá okkur“, segir Smári Haraldsson.

Starf Fræðslumiðstöðvarinnar tók nokkrum breytingum um áramótin þegar Háskólasætrið tók við fjárfærslu í fjórðungnum. Stofnanirnar tvær deila nú húsnæði þótt þær séu sjálfstæðar og starfi hvor á sínu sviði. Fræðslumiðstöðin sinnir hefðbundinni fullorðinsfræðslu svo sem námskeiðahaldi, fræðsluhönnun fyrir fyrirtæki og stofnanir og ráðgjöf.

– thelma@bb.is



Patreksfjörður: Alls bjuggu 74 erlendir ríkisborgarar í Vesturbyggð 31. desember 2004 eða 7,2% íbúa.

Tæp 6% Vestfirðinga með erlent ríkisfang

Alls bjuggu 450 manns með erlent ríkisfang á Vestfjörðum þann 31. desember árið 2004, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Í heildina bjuggu 7.700 manns á Vestfjörðum og er því hlutfall þeirra með erlent ríkisfang um 5,8% af heildarfræðslu svo sem námskeiðahaldi, fræðsluhönnun fyrir fyrirtæki og stofnanir og ráðgjöf.

allra sem á annað borð voru með erlent ríkisfang og um 3% Vestfirðinga.

Næst algengast var taílenst ríkisfang en það voru 38 einstaklingar á Vestfjörðum sem áttu slíkt, eða 0,5% Vestfirðinga. Þá voru 27 Þjóðverjar búsettir á Vestfjörðum, eða 0,35% Vestfirðinga, og 21 Filippseyingur eða um 0,27% Vestfirðinga. 13 Danir voru búsettir á Vestfjörðum, 5

Norðmenn og 5 Svíar. Alls voru því 23 Norðurlandabúar á Vestfjörðum.

Hlutfallslega búa flestir íbúar með erlent ríkisfang í Tálknafjarðarhreppi, 40 manns, eða 12% íbúa. Í Vesturbyggð eru þeir 74, eða 7,2% íbúa. Í Bolungarvík eru þeir 63, eða 6,7% íbúa. Í Ísafjarðarbæ 6,1%, eða 254 manns. 5,1% í Súðavíkahreppi, eða 12 manns, 2,6% íbúa í Kaldr-

ananeshreppi, eða 3 einstaklingar. 1,9% íbúa í Bæjarhreppi og í Broddaneshreppi, tveir á fyrri staðnum en einn á þeim síðarnefnda. Engir íbúar með erlent ríkisfang voru skráðir á Reykhólum eða í Árneshreppi. Þá bjó einn Dani á Hólmavík.

Tölurnar að ofan eru fengnar frá Hagstofu Íslands og miðast við 31. desember 2004. Þjóðerni er alls staðar miðað við ríkisfang. – eirikur@bb.is

Einungis 59% íbúa í Holtsprestakalli í Þjóðkirkjunni

Þann fyrsta desember sl. voru 86,6% íbúa í Vestfjarðarprófestsdæmi í Þjóðkirkjunni, eða 5.939 manns af 6.856 íbúum. Í Ísafjarðarprestakalli voru 90,4% í Þjóðkirkjunni, eða 2.742 manns af 3.030 íbúum. Í Bolungarvíkurprestakalli var hlutfallið 87,1% eða 800 af 918 íbúum. Í Patreksfjarðarprestakalli voru það 90,1% íbúa sem voru í Þjóðkirkjunni, eða 593 af 658. Í Bíldudals- og Tálknafjarðar-

prestakalli voru 498 af 605 í Þjóðkirkjunni, eða 82%. Í Staðarprestakalli voru 418 af 542 í kirkjunni, eða 77,1%.

Í Þingeyrarprestakalli voru 368 af 414 meðlimir Þjóðkirkjunnar, en það gerir tæp 89%. Í Holtsprestakalli voru 211 af 358 íbúum meðlimir Þjóðkirkjunnar, eða tæp 59%. Þá voru 309 af 331 íbúum í Reykhólaprestakalli í Þjóðkirkjunni, eða rúm 93%.

– eirikur@bb.is



Holtskirkja. Einungis 59% íbúa í sókninni tilheyra Þjóðkirkjunni.

úrval

Samkaup

OPIÐ:
virka daga
kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud.
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

EIMSKIP er...

leiðandi þjónustufyrirtæki sem byggir á framfarisskiptum tengilandi. Eimskip sérhæfir sig í öllu sem snýr að land-, sjó- og flugflutningi, vörubrenningu og geymslu. Sérstök áhersla er lögð á að taka mið af þörfum viðskiptavina og mæta öllum kröfum þeirra. Hæð er samleiðingur metnaðar bæði starfsmanna og hlagsins að gegna löngvöldum til framtíðar.

EIMSKIP

Um 700 sjóstangaveiðimenn á biðlista hjá Fjord Fishing

Um 700 manns hafa bókað sig í sjóstangaveiðiferðir hjá vestfirka fyrirtækinu Fjord Fishing. Bókanimar skiptast jafnt á milli Súðavíkur og Tálknafjarðar og eru maí, júní og ágúst nú þegar uppbókaðir.

Metvika á bb.is

Metvika var í heimsókn um á vef bb.is vikuna 9.-15. janúar þar sem 10.718 gestir skoðuðu vefinn, samkvæmt vefmælingu Modernus, og er það aukning um 30,5% frá því vikunni áður. Einungis þrjú fréttavefir fengu fleiri gesti þessa vikuna en það voru visir.is, mbl.is og ruv.is.

Af öllum vefum í mælingunni var bb.is í 21. sæti. Alls komu þessir 10.718 gestir 57.122 sinnum, og voru flettingar á síðunni 189.937. Vefur bb.is hefur stöðugt sótt í sig veðrið frá því hann var stofnaður í janúar árið 2000 og fjölgar gestum í sífellu.

Þess má geta að þótt vefurinn hafi áður mælst í hærra sæti en nú, en hæsta sæti sem bb.is hefur náð í vefmælingu Modernus er 20. sæti, þá voru gestir þá vikuna tæplega einu þúsundi færri, eða 9.849.

„Viðbrögðin eru framar vonum en við ætlum að halda vel utan um verkefnið fyrsta árið því það skiptir gríðarlegu máli“, segir Ólafur Sveinn Jóhannesson, framkvæmdastjóri Fjord Fishing.

Fyrirtækið Fjord Fishing ehf. var stofnað á Ísafirði í sumar en að því standa sveitarfélögin Tálknafjörður, Vesturbyggð, Bolungarvík og Súðavíkurhreppur, og fyrirtækin Angelreisen og Iceland Pro Travel. Markmiðið er að þróa þjónustu og vöru sem hefur sérstöðu á markaðnum, bæði á Íslandi og í Evrópu, og mun draga að mikinn fjölda ferðamanna. „Ef við tökum til viðmiðunar gistinóttatölur erlendra ferðamanna 2004 sem var 20 þúsund þá verður mikil aukning á ferðamönnum vegna þessa. Miðað við þessar bókunartölur verða gistinætarnar í ár 25 þúsund“, segir Ólafur.

Þá hefur Fjord Fishing samíð við Bátasmiðju Guðmundar um smíði á sérstökum bátum ætluðum til sjóstangaveiða auk þess sem fyrirtækið er í samningaviðræðum við Nielsen veiðivörur sem hanna og selja sérútbúna sjóstangaveiðivörur.

„Þessi góða byrjun gefur okkur innspýtingu fyrir næstu ár sem við munum nota til undirbúa næstu áfangastaði. Þrjú staðir koma til greina en

það eru Bolungarvík, Bíldudalur og Suðureyri. Nú eru bara næstu skrefin hjá fyrirtækinu að leita samstarfs við háskóla og aðrar ríkisstofnanir varðandi upplýsingaöflun úr verkefninu. Jafnvel eru uppi hugmyndir að nema frá háskólum til að fylgjast með verkefninu frá upphafi og búa til gagnagrunn sem hægt er að nota til að byggja upp fyrirtækið til framtíðar“, segir Ólafur.

Fyrstu hópanir eru væntanlegir til Tálknafjarðar í apríl en til Súðavíkur í maí. „Þetta verkefni er unnið út frá Vaxtasamningi Vestfjarða og er líklega stærsta verkefnið í vinnslu eflitíð er til klasamyndunar. Þarna eru sveitarfélög að vinna að sameiginlegu verkefni með það að markmiði að gera það að því besta á Íslandi, svo í Evrópu og loks í heiminum“, segir Ólafur Sveinn.

– thelma@bb.is



Von er á 700 sjóstangaveiðimönnum til Vestfjarða í sumar á vegum Fjord Fishing.



Gestur Kristinnson ÍS er nýr bátur í flota Súgfirðinga.

Nýr bátur í flota Súgfirðinga

Nýr bátur bættist í flota Súgfirðinga á sunnudagskvöld þegar Gestur Kristinnson ÍS-333 kom til heimahafnar. Eigandi bátsins er Útgerðarfélagið Norðureyri en eigendur þess eru þeir sömu og eiga Íslandssögu. Báturinn var keyptur frá Ólafsvík og var kaupverðið 25 milljónir. Enginn kvóti er á bátinum en bátar sem Íslandssaga á fyrir verða seldir og kvótinn af þeim sameinaður á nýja bátinn. Hann er plastbátur af gerðinni Spútnik og var smíðaður á Akranesi árið 2004. Aðalvél hans er af gerðinni Yanmar og er 427 hestöfl. Báturinn mælist 14,6 brúttótönn og skráð lengd hans er 10,98 metrar. Gestur Kristinnson ÍS sem áður hét Geisli SH-155 verður gerður út frá Suðureyri og skipstjóri á honum verður Höskuldur Ástmundsson.

– gudrun@bb.is



Hólsvegur 13 til sölu

Húseignin að Hólsvegi 13 í Bolungarvík er til sölu. Húsið er 232m² sem skiptist í tvær íbúður. Eigninni fylgir 26m² bílskúr.

Upplýsingar veitir Hálfaldán Einarsson í síma 456 7128.



Elsku bróðir okkar,

Gísli Aðalsteinn Hjartarson

Fjarðarstræti 2, Ísafirði

sem lést 10. janúar sl., verður jarðsettur frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 21. janúar kl. 14:00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjálfsbjörg

Hjórdís Hjartardóttir
Sigurður Bjarni Hjartarson
Viðar Hjartarson
Hilmar Hjartarson

Vesturferðir taka þátt í Hagvexti á heimaslóð

Meðal þeirra fyrirtækja í ferðaþjónustubransanum á Vestfjörðum sem taka þátt í verkefninu Hagvöxtur á heimaslóð er Vesturferðir, að því er fram kemur á heimasíðu Vesturferða. Námskeiðið er haldið á vegum Útflutningsráðs Íslands. Verkefnið hefur frestast nokkrum sinnum vegna ónógrar þátttöku, átti fyrst að vera í haust, en nú stendur til að halda það í febrúar og mars þannig að einn fundur verði í febrúar og tveir í mars. Meginmarkmið verk-

efnisins er að aðstoða stjórnendur fyrirtækja í ferðaþjónustu við að innleiða skipulögð og árangursrík vinnubrögð við markaðssetningu, stjórnun og vörubrúun, og nýta sér á markvissan hátt markaðstækifæri erlendis.

Verkefnið er lagað að þörfum lítilla og meðalstórra ferðaþjónustufyrirtækja og mikil áhersla er lögð á svæðisbundna samvinnu innan greinárinnar og að auki er lögð áhersla á að auka menntunarstig almennra starfsmanna í ferða-

þjónustu. Í fyrsta hluta verkefnisins sem fram fór á Vesturlandi tóku tíu fyrirtæki þátt.

Unnið hefur verið náið með Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða að undirbúningi þessa áfanga verkefnisins og er ætlunin að tengja það við aðra starfsemi á svæðinu, eins og t.d. Markaðsskrifstofu Vestfjarða, sem er að stiga sín fyrstu spor þessa dagana. Samstarfsaðilar Útflutningsráðs að verkefninu eru Samtök ferðalaga, Imprá nýsköpunarmiðstöð, LandsMennt,

Mímír-símenntun, Ferðamála- setur Íslands og Byggðastofnun. Nú síðast bættist svo nýr samstarfsaðili í hópinn, Landsbanki Íslands, sem kom inn í verkefnið í september. Þátttökugjald er 95.000 krónur og í því er innifalinn þátttaka í vinnufundum, aðstoð ráðgjafa, öll gögn og skipulagning auk máltíða og gistingar meðan á vinnufundum stendur. Þátttakendur bera sjálfir kostnað af ferðum til og frá vinnufundum.

– eirikur@bb.is

ESSO stöðin á Flateyri

Viðfangsefni belgískrar heimildarmyndar

Um þessar mundir er teymi kvikmyndatökumanna frá Belgíu stöð á Flateyri við upp-tökur á heimildarmynd. Í teyminu eru fjórir Belgar og með þeim er franskur leiðsögumaður. Viðfangsefni myndarinnar er ESSO stöðin á Flateyri en hún var valin úr hópi 15 bensinstöðva víðsvegar um landið. Næstu vikuna mun tökulíðið fylgja þeim Gróu Haraldsdóttur og Kristínu Ágústsdóttur, rekstraraðilum Esso, eftir hvert fótmál.

„Við höfum mjög gaman að því að fá gesti í heimsókn til okkar og það er mjög skemmtilegt að taka þátt í svona verkefni sem unnið er á jákvæðum nótum. Við munum náttúrulega gera okkar besta til að sýna hvað það er gott að búa á svona afskekktum stað,“ segir Gróa. Hugmyndin á bakvið myndina er sú að í litlu samfélagi eins og Flateyri er bensinstöðin miðpunktur þorpslífsins, þangað koma allir, hvort sem er til að

versla eða til að hitta fólk. Því er bensinstöðin kjörinn staður til að skoða mannlífið í þorpinu.

Myndin er hluti af heimildarmyndaröð en þegar hafa verið gerðar þrjár myndir um bensinstöðvar á Indlandi, í Ástralíu og í Arizona. Myndirnar hafa þegar verið seldar til nokkurra sjónvarpsstöðva í Evrópu og vonandi láta íslensku stöðvarnar þetta ekki framhjá sér fara og tryggja sér einnig sýningarrétt.

– gudrun@bb.is



Belgarnir mynda ESSO stöðina á Flateyri. Mynd: Páll Öundurson.

Þorskveiði dregst saman á Vestfjörðum

Árið 2005 var 27.473 tonn um af þorski landað á Vestfjörðum, á miðað við 31.484 tonn árið áður, en það er samdráttur um tæp 13%. Þorskveiði jókst lítillega á milli ára í Bolungarvík, en árið 2004 var landað 7.606 tonn um af þorski á miðað við 7.733 tonn árið 2005, sem er aukning um 1,7%.

Á Ísafirði var 4.595 þorskonnum landað í fyrria á miðað við 6.511 tonn árið á undan, sem er samdráttur um tæp 30%. Á Patreksfirði var 3.205 þorskonnum landað árið 2005 á miðað við 4.286 tonn

árið á undan, sem er samdráttur um tæp 25%. Á Tálknafirði var 1.735 tonn um þorskonnum landað árið 2005 á miðað við 2.571 tonn árið áður, en það er samdráttur um tæp 32,5%.

Á Flateyri var nokkur aukning, en árið 2005 var 5.422 þorskonnum landað á miðað við 4.484 tonn árið á undan, en það er aukning um tæp 21%. Á Suðureyri varð einnig nokkur aukning en þar var 1.872 tonn um af þorski landað á síðasta ári á miðað við 1.548 tonn árið á undan, en það er aukning um tæp 21%.

Á Hólmavík var 608 tonn um af þorski landað í fyrria á miðað við 520 árið á undan, og er það aukning á milli ára um tæp 17%. Á Þingeyri var 609 tonn um af þorski landað í fyrria á miðað við 1.806 tonn árið áður, sem er samdráttur um tæp 64%.

Á Súðavík var 288 tonn um af þorski landað árið 2005 á miðað við einungis 22 árið 2004, og er það þrettánföldun á afla. Á Bíldudal var 419 tonn um af þorski landað árið 2005 á miðað við 511 tonn árið 2004, og er það samdráttur um tæp 18%.

Nýtt síma- og þjónustuborð Ísafjarðarbæjar opnað

Nýtt síma- og þjónustuborð fyrir Ísafjarðarbæ var tekið í notkun í síðustu viku en því er ætlað að þjóna öllum skrifstofum Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu. „Stefnt er að því að innan tíðar muni þjónustuborðið annast nær alla símsvörun

með það að markmiði að bæta þjónustu og gera aðgengi að stofnunum bæjarfélagsins betra“, segir í frétt frá bænum. Á þjónustuborðinu starfa tveir starfsmenn sem annast símsvörun, sem og að veita alla almenna upplýsingagjöf.

Þjónustuborðið er staðsett á skrifstofu sveitarfélagsins á

2. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði og er opið alla virka daga frá kl. 8-16:10. Símanúmer síma- og þjónustuborðs er sem fyrr 450-8000 og bréfasími er 450-8008. Almennur opunartími skrifstofu er sem áður frá kl. 10-15.

– thelma@bb.is

Sólrishátíð Menntaskólans á Ísafirði

Undirbúningur hafinn

Undirbúningur fyrir Sólrishátíð Menntaskólans á Ísafirði er hafinn. Sólrishátíðin verður nú haldin í 32. sinn og er orðin aði að leggja drögin að hátíðinni. „Það er nánast alltaf sama formið á hátíðinni. Fastir liðir verða á sínum stað og einnig ætluð við að halda Rokksúpu sem er tónlistarhátíð sem var haldin í fyrsta sinn í fyrria“,

segir Þór Sveinsson, menningarviti Nemendafélags MÍ. Sólrishátíðin verður nú haldin í 32. sinn og er orðin ómissandi liður í bæjarlífi Ísafirðinga með hækkanði sól. Fjölmargin landsþekktir listamenn hafa komið fram á hátíðinni í bland við nemendur MÍ í gegnum tíðina. Búast má við að svo verði einnig í ár.

„Núna erum við í því að hafa samband við listamenn og reyna koma mynd á hátíðina“, segir Þór. Sólrishátíðin hefst 24. febrúar og lýkur 3. mars.

– thelma@bb.is

Vetrarfuglar á Vestfjörðum nær 13 þúsund

Um 12.800 fuglar og 26 tegundir af vetrarfuglum sást á norðanverðum Vestfjörðum í talningu sem fór fram um helgina. Talið var á svæðum í Bolungarvík, Skutulsfirði, Álfafirði, Súgandafirði og Öndarfirði. Um helmingur fuglanna var æðarfugl en næst mest sást af stórmávum eða svartbak, hvítmávi og bjartmávi. Einnig var mikið af stökköndum eða um 600 talsins og um 1000 hávellur.

Pau sem sáu um talninguna voru Böðvar Þórisson, Guðrún Steingrimsdóttir, Petrína F. Sigurðardóttir og Þorleifur Eiríksson frá Náttúrustofu Vestfjarða, Hilmar Pálsson á Ísafirði, Hildur Halldórsdóttir og Steinþór B. Kristjánsson á Flateyri. Vetrarfuglatalning fór fram á mest öllu landinu um síðustu helgi. – thelma@bb.is



Sjúkraliðarnir sex ásamt Smára Haraldssyni, Brynjari Ingasyni og Þuríði Sigurðardóttur hjá Fræðslumiðstöðinni.

Sex sjúkraliðar útskrifast úr sérnámi

Sex sjúkraliðar útskrifuðust úr sérnámi í hjúkrun fyrir aldraðra hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða um jólin. Kennsla fór fram í gegnum fjarfundabúnað en kennt var frá Fjölbraitaskólanum í Ármúla. „Okkur tókst að klára þetta með ágætum og útskrifuðumst við 20. desember sl. í Háskólabíói með

pompi og prakt. Það var mjög hátíðlegt og svolítið óvænt því við vissum ekki fyrr en seint á síðustu önninni að þessi athöfn ætti að fara fram“, segir Heiðrún Björnsdóttir ein þeirra sem útskrifaðist. Námið tók fjórar annir og þurftu nemandar að fara í staðbundnar lotur til Reykjavíkur einu sinni á önn og átta vikna verknám sem

þeir gátu valið hvar þeir sinnu.

„Við viljum þakka Smára, Brynjari og Þuríði hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða fyrir þessi tvö ár sem við höfum verið með þeim því án þeirra hefðum við ekki getað þetta“, segir Heiðrún Björnsdóttir, nýútskrifaður sjúkraliði. – thelma@bb.is



Þorablót Bolvíkinga haldið á laugardag

Þorablót Bolvíkinga, hið 61. í röðinni, verður haldið nk. laugardag, 21. janúar nk. Þorablótið er eitt elsta blót landsins, en það hefur verið haldið nær óslitið ár hvert, að tveimur árum undanskildum, frá 21. janúar 1944. Hefðin er sú að konur bjóði bónda sínum til blóts þetta eina kvöld ársins og er það einungis ætlað hjónum sambýlisfólki, ekkjum og ekkjum búsettum í Bolungar-

vík. Konurnar sjá um allan undirbúning blótsins sem og skemmtiatriði.

Öllu er tjaldað til að gera blótið sem veglegast hverju sinni. Blótsgestir mæta í sínu fínasta þússi, konur í upplut eða peysufötum og karlmenn í hátíðarbúningi eða dökum jakkafötum. Meðferðist hafa þeir síðan ávallt hefðbundinn þorramat og einhverjar guða-veigar og góða skapið.



Fjöldmörg erindi voru flutt á fundinum.

Vel mætt á baráttufund fyrir bættum samgöngum

Vel á þriðja hundrað mættu á baráttufund fyrir bættum samgöngum milli þéttbýlisstaða á norðanverðum Vestfjörðum í félagsheimilinu Víkurbæ í Bolungarvík á laugardag. Á fundinum var samþykkt ályktun þar sem skorað var á samgönguyfirvöld, þingmenn og ráðherra að beita sér fyrir því með öllum ráðum að tryggja varanlega lausn á samgöngumálum á norðanverðum

Vestfjörðum frá Súðavík til Bolungarvíkur svo líta megi á svæðið sem heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði. Vísad var til samþykktar sveitarstjórna á norðanverðum Vestfjörðum frá 30. mars í fyrra þar sem segir meðal annars: „Tryggja þarf öruggar samgöngur annarsvegar á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur og hinsvegar á milli Ísafjarðar og Súðavíkur með jarðgöng-

um.“

Einar Pétursson, bæjarstjóri í Bolungarvík, flutti erindi fyrir hönd sjálf síns, Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og Ómars Jónssonar, sveitarstjóra í Súðavík. Þá flutti Gísli Eiríksson, umdæmisstjóri Vegagerðarinnar, erindi fyrir hönd Harpa Grímsdóttir fyrir hönd Snjófljóðaseturs Veður-

stofu Íslands auk þess sem Steinþór Bragason, plast- og vélaverkfræðingur og áhugamaður um samgöngumál á Vestfjörðum flutti erindi. Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, komst ekki á fundinn eins og ráðgert hafði verið vegna þess að ekki var veður til lendinga á Ísafjarðarflugvelli.

Pálína Vagnsdóttir, áhugamaður um samgöngumál, átti

frumkvæði að fundinum og afhenti hún jafnframt bæjarstjórnunum tveimur og sveitarstjóra Súðavíkur undirskriftalistann „Við viljum göng“ í fjarveru samgönguráðherra og fór þess á leit að honum yrði komið til ráðherra. Þeir sem skrifuðu undir þann lista skora á stjórnvöld að beita sér fyrir gerð jarðgangna frá Bolungarvík til Ísafjarðar, þ.e. úr Syðri- dal í Vestfjarðagöngin sem

fyrir eru og fyrir gerð jarðgangna frá Súðavík til Ísafjarðar við flugvöllinn. Eins og kunnugt er samþykkt ríkisstjórnin í haust að gera nokkuð styttri göng um Óshlíð.

Undirbúning fundarins önnuðust Pálína sjálf, Þórður Vagnsson markaðsstjóri Bolungarvíkur og Haukur Vagnsson framkvæmdastjóri. Fundarstjóri var Magnús Reynir Guðmundsson.



Stjórnarsýsluhúsið á Ísafirði.

Styrkur vegna fasteignagjalda hækkaður?

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fjallaði um drög að reglum um styrkveitingar til félagsamtaka vegna fasteignagjalda árið 2006, á fundi í síðustu viku.

Tekið var fyrir bréf frá fjármálastjóra bæjarins þar sem hann leggur til að hámarksstyrkur verði 117 þúsund krónur, en bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að hámarks-

afsláttur verði 120 þúsund krónur.

Skilyrði til styrkveitingar er að húsnæðið sé nýtt til félagsmenningar- eða íþróttastarfssemi og er styrkur einungis veittur til greiðslu fasteignaskatts og holræsagjalds. Styrkurinn er miðaður við áhugamannafélag sem ekki eru í atvinnustarfssemi.

– eirikur@bb.is

Gera tillögu að breyttu vegstæði um Reykjanes við Djúp

Ferðapjónustan Reykjanesi sendi í byrjun árs bréf til Vegagerðarinnar á Ísafirði vegna tillögu að breyttri skipan vegstæðis um Reykjanes í Ísafjarðardjúpi, en leggja á nýjan veg yfir Reykjafjörð inn Reykjanesið. Ferðapjónustan gerir það að tillögu sinni að frekar verði farið inn á Seleyri og vegurinn verði látinn fylgja vesturhlíð strandlengjunnar. Það sem ferðapjónustan telur mæla með þessu er samkvæmt bréfinu:

„1. Í áætlun Vegagerðarinn-

ar mundi vegstæði kljúfa einstakt og margbrotið útivistarsvæði staðarins og rýra notagildi þess. Á þessu svæði er að finna sögufrægar minjar og náttúrufergur er mikil. Fyrirhugað svæði fyrir golfvöll myndi leggjast af. 2. Deiliskipulag svæðisins þar sem gert er ráð fyrir tjaldsvæði, aðstöðu fyrir húsbíla og tjaldvagna ásamt smáhúsbýggð mun skerðast verulega og gyrast notagildi samkvæmt teikningu Vegagerðarinnar að vegstæði. 3. Fjarlægð þjóðveg-

ins frá hótélbyggðinni verður umtalsverð sem stuðla mun að minni umferðarhávaða og annarri röskun af völdum bíla- umferðar. 4. Aðkoma með vegarstæði frá þjóðvegi að hóteli verður að sama skapi mun aðgengilegri með tilliti til væntanlegrar þjónustumiðstöðvar fyrir frístundasvæðið. Þjónustumiðstöð mun m.a. hýsa olíu- og bensínafgreiðslu.“

Þá segir einnig í bréfinu: „Við gerum okkur grein fyrir því að með þessum tillögum

okkar að breytingum á vegarstæði um Reykjanesið þá er verið að fórna svæði sem m.a. tekur til selaláturs sem þarna á sér stað en við metum hlutina þannig að með því að fara að þessum tillögum þá sé verið að fórna minni umhverfislegum hagsmunum fyrir meiri. Einnig höfum við velt fyrir okkur hvernig brúin yfir fjörðinn verður lögð. Sigling inn Reykjafjörðinn er hluti af útsýnis- og skoðunarferðum sem hótelið býður gestum sínum upp en á síðasta ári var

keyptur bátur til þessara verkefna. Það er von okkar að við hönnun brúarinnar verði tekið tillit til þess að siglingaleiðin um Reykjafjörð verði greiðfar.“

Bæjarráð bókaði á fundi sínum að það teldi tillögu Vegagerðarinnar um vegstæði betri með tilliti til lífríkis og náttúruvarna á staðnum. Þá var bent á að tillögur kæmu full seint fram, enda hefði Vegagerðin þegar kynnt og fengið samþykktar tillögur sínar að vegstæði yfir Reykjafjörð og inn Reykjanes. – eirikur@bb.is





Brotajárnsplan er við Funa.

Fagna brotajárnsátaki

Tæknideild Ísafjarðarbæjar fagnar brotajárnsátaki því sem Gámaþjónusta Vestfjarða og endurvinnslufyrirtækið Hringrás í Reykjavík hafa boðið sveitarfélögum við Ísafjarðardjúp að taka þátt í, en bæjarráð Ísafjarðar hafði vísað erindinu áfram til tæknideildar.

Átakið felst í því að hreinsa brotajárn af svæðunum næstkomandi vor, og er hugmyndin sú að sveitarfélögin safni saman öllu brotajárni í sveitarfélaginu og Hringrás komi vestur með brotajárns-

pressu og pressi allt það járn sem hægt er að pressa, en annað verði skorið niður. Þá verði afurðunum skipað beint um borð í skip.

Ætlast er til þess að sveitarfélögin komi öllu járn á einn eða tvo staði sem aðgengilegir eru til slíkrar vinnu. Í tilboði sem fyrirtækin hafa gert Ísafjarðarbæ er verðið 2 krónur á kíló, auk virðisauka. Innifalið í því tilboði er það efni sem þegar hefur safnast á mótökusvæði Funa.

– eirukur@bb.is



Húsnæði Eimskipa á Ísafirði.

Svæðisstjóri Eimskipa á Ísafirði hættir störfum

Jón Páll Hreinsson, sem starfað hefur sem svæðisstjóri Eimskipa á Ísafirði, lét af störfum 15. janúar sl. Ekki verður ráðinn nýr maður í hans stað, heldur verður starfið sameinað starfi þjónustustjóra sem Hafþór Halldórsson gegnir. Að sögn Hafþórs er þetta hluti af skipulagsbreytingum hjá fyrirtækinu sem hafa átt sér stað

upp á síðkastið í Reykjavík og víðar á landsbyggðinni. „Það var nokkur aðdragandi að þessu og samkomulag náðist um starfslok Jóns Páls“, segir Hafþór.

„Eimskip hafa verið að endurskoða starfsemi sína víða um land og þetta var álitin skásta skipulagsbreytingin í stöðunni.“ Starf svæðisstjóra

verður nú sameinað starfi þjónustustjóra, en að sögn Hafþórs mun þjónustan ekki minnka því samhliða. „Ég hef verið í því að skipuleggja starfið upp á nýtt“ segir Hafþór.

Þrjár vinna nú á skrifstofu Eimskipa og fimm í vöruafgreiðslu og keyrslu. „Maður sér náttúrulega alltaf á eftir göðum mönnum en við bjugg-

umst alveg við þessu, þessar breytingar hafa gengið um landið. Ég vil ekki meina að þetta muni bitna á þjónustunni við kúnnann“, sagði Hafþór. Að sögn Jóns Páls, mun hann hefja störf á öðrum vettvangi á Ísafirði innan tíðar. Hann vildi ekki greina nánar frá því að svo stöddu.

– eirukur@bb.is

Byggðasafn Vestfjarða

Fær tölvubúnað

Vinnuveitendafélag Vestfjarða og Útvegsmananafélag Vestfjarða hafa fært Byggðasafni Vestfjarða að gjöf fullkomna tölvu, skanna og prentara til að skrá muni í eigu safnsins, sem verða geymdir í fullkomnu geymslúhúsnæði þess í Neðstakaupstað. Hafin verður skráning í gagnagrunninn Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur sem hefur verið í þróun á vegum Þjóðminjafans Íslands undanfarin ár. Nýtt geymslúhúsnæði

safnsins í Neðstakaupstað gjörbreytir aðstöðu safnsins til varðveislu muna, sem endurspeglar vel þá atvinnusögu, sem félagar í Útvegsmananafélagi Vestfjarða og Vinnuveitendafélagi Vestfjarða hafa tengst á undanförnum áratugum.

Einnig hafa félagin gert samning við Listasafn Ísafjarðar um varðveislu og skráningu listaverka í eigu þeirra og munu styrkja safnið um 50.000 krónur á ári vegna þess. – bb@bb.is

Niðurfelling fasteignagjalda fyrir ellilífeyrisþega

Að hámarki 62 þúsund krónur

Samkvæmt drögum að reglu um niðurfellingu fasteignagjalda fyrir elli- og örorkulífeyrisþega er lagt til af hálfu fjármálastjóra að hámarksafsláttur verði 62 þúsund krónur, sem er óbreyttur afsláttur frá því á síðasta ári.

Tekjuviðmiðun hækkar þá um 3% frá árinu 2005, og fá einstaklingar með allt að 1,6 milljónum og hjón með allt að rúmlega 2,1 milljónum í árs-tekjur 100% niðurfellingu, á meðan einstaklingar með allt

að rúmlega 2,1 milljónum í árs-tekjur og hjón með ríflega 2,6 milljónum í árs-tekjur fá 50% niðurfellingu.

Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda eru vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota þeirra sem eiga lögheimili í Ísafjarðarbæ. Við fráfall maka ellilífeyrisþega skulu fasteignaskattur og holræsagjald af íbúðarhúsnæði sem maki hins látna á og býr í falla niður að fullu fyrsta árið, en þó að hámarki 62 þúsund krónur.



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði. Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda fyrir ellilífeyrisþega hafa verið teknar fyrir í bæjarráði.

■ RITSTJÓRNARGREIN

Nú má hvergi gefa eftir!

„Það þýðir ekki að byggja upp byggðakjarna með þjónustu ef samgöngumálin eru ekki í lagi,“ segir Pálína Vagnsdóttir, talsmaður áhugahóps um bættar samgöngur á norðanverðum Vestfjörðum í Fréttablaðinu í tilefni fundar sem hópurinn stóð fyrir í Bolungarvík síðastliðinn laugardag. Í sama blaði er haft eftir Guðmundi Hallvarðssyni, formanni samgöngunefndar Alþingis, að það sé óviðunandi að fólk þurfi að leggja líf sitt í hættu við að komast á milli staða. Rétt, Guðmundur! Um kröfur heimamanna segir hann: „Mér finnst eðlilegt að þetta máli verði tekið til alvarlegrar skoðunar.“

Fundurinn í Bolungarvík samþykkti ályktun þar sem skorað var á samgönguyfirvöld, þingmenn og ráðherra að einbeita sér að því að tryggja varanlega lausn í samgöngumálum á svæðinu frá Súðavík til Bolungarvíkur þar sem líta verði á svæðið sem heilstætt atvinnu- og þjónustusvæði.

Ljóst er að lausn þessa máls er ekki að finna eftir öðrum leiðum en með jarðgöngum; annars vegar á milli Súðavíkur og Ísafjarðar og hins vegar á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Í máli Hörpu Grímsdóttur frá Snjóflóðasetri Veðurstofunnar á Ísafirði, kom fram að aukning er á hraða gliðunar í sprungu í Óshymu, sem fylgst hefur verið með undan farin ár. Alvara málsins er sú, að haldi þessi þróun áfram má gera ráð fyrir að jarðvegur hlaiði þar fram á næstu

10 til 100 árum. Hendi það þarf ekki um að binda! Og þá þarf ekki lengur að karpna um með hvaða hætti megi tryggja „viðunandi öryggi vegfarenda um Óshlíð!“

Fundurinn í Bolungarvík undirstrikaði svo ekki verður um villst að hugmyndir stjórnvalda um tvo eða þrjá gangastubba til að draga úr mestu hættunni á Óshlíðarveginum er fráleit. Hvort jarðgöng frá Syðridal tengjast Vestfjarðagöngunum eða enda í Tungudal, eins og Steinþór Bragason, rekstrarfræðingur, hefur lagt til, verður að leggja í mat sérfróðra manna og skoða út frá öllum þeim þáttum sem hafa ber í huga við gerð slíkra mannvirkja. Enda skiptir val þar á milli engu hvað varðar öryggi vegfarenda. Með jarðgöngum milli Ísafjarðar og Súðavíkur er horft til framtíðar. Það verður aldrei komið í veg fyrir snjóflóðahættu á Kirkjuból- og Súðavíkurhlíð.

Nú er byr í seglin í baráttunni fyrir öruggum samgöngum milli umræddra þriggja byggðarlag á Vestfjörðum. Meini yfirvöld eitthvað með yfirlýsingum sínum um Ísafjörð sem byggðakjarna og hugsanlega sameiningu hans við hina staðina má þeim ljóst vera að sú verður aldrei raunin nema öruggar samgönguleiðir þar á milli séu fyrir hendi.

Vestfirðingar! Nú ætti að vera lag. Nú verðum við að standa saman; hvergi gefa eftir!

s.h.

Janúar **tilboð**



Tack's Plástunarvél

- Plástunartími 120 sek.
- Plástunartími 120 sek. (120)
- Plástunartími 120 sek. (120)
- Plástunartími 120 sek. (120)
- Plástunartími 120 sek. (120)

3.990,-

Tack's Pappirstættari

- Plástunartími 120 sek.
- Plástunartími 120 sek. (120)
- Plástunartími 120 sek. (120)

7.990,-

**ÓTRÚLEGT
VERÐ**



67%
afsláttur

ÓÞYKT

199,-
verð áður 585,-

Klemmubretti

• Tettlita klemmubretti.

Ljósritunar- pappír

• A4 - 500 blöð í pakki 50 g.

**1 pakki
199,-**

**ÓTRÚLEGT
VERÐ**



**ÓTRÚLEGT
VERÐ**

Plástmöppur

• Klippir og glærir föndur.

9,- stk.



Skrifmappa

• Svört skrifmappa með reuslita og klippum fyrir notkun.

990,-

**Adelns
99 kr.**



ÓÞYKT

25%

afsláttur af blök- og duffapöppum



**ÓTRÚLEGT
VERÐ**

**ÓTRÚLEGT
VERÐ**

Bláðeikar

• Bládeikar og bládeikar.



**Karfa berðreikivél
1.990,-**

Takki!



Office **1** Superstore



Vegaslóðinn niður í Leirufjörð.

Umrót í Leirufirði mun meira en til stóð í upphafi

Sýslumaðurinn á Ísafirði hefur kunnert úrskurð sinn vegna umdeildar lagningu vegarslóða til Leirufjarðar á síðasta ári af hálfu jarðeiganda í Leirufirði. Í tilkynningu frá sýslumanni kemur fram að rannsókn lögreglu hafi leitt í ljós að gerður hafi verið jeppafer slóði til Leirufjarðar „að því er virðist í þeim tilgangi að koma olíu á staðinn.“ Þá segir að umrót við að koma jarðyту yfir í Leirufjörð hafi

verið mun meira en til stóð í upphafi og látið var í veðri vaka í erindi landeiganda. Þá segir að í skýrslu Umhverfisstofnunar hafi mat stofnunarinnar verið að framkvæmdirnar hafi ekki verið í samræmi við það framkvæmdaleyfi sem Ísafjarðarbær hafi veitt og hafi aukinheldur verið mun umfangsmeiri en þörf var á.

Þá kemur einnig fram að leyfisveitandi, þ.e. Ísafjarðarbær, hafi ekki sett fram lýsingu

á framkvæmdum eða afmörkun framkvæmda, og ekki lýst því hverslags jarðrask væri leyfilegt og hverslags jarðrask væri óleyfilegt. Þegar leyfið var veitt var tekið fram að jarðrask sem af framkvæmdinni hlýst skuli lagað, en ekkert kom fram um hversu mikill tímafrestur væri gefinn til þess. Mat sýslumanns er að hætta beri rannsókn málsins, og tekur fram að „yfirvöldum eru mörg úrræði tæk ef þau

telja skilyrði leyfis sem þau hafa veitt ekki hafa verið uppfyllt, til dæmis geta þau stöðvað framkvæmdir, afturkallað leyfi, knúð fram lagfæringar eða látið lagfæringar fara fram og krafði leyfishafa um greiðslu bóta.“

Jarðeigandi í Leirufirði í Jökulfjörðum fór fram á það í nóvember sl. að slóðinn sem hann ruddi í fjörðinn í sumar fengi að standa með þeim lagfæringum og frágangi sem

samkomulag yrði um þar til hægt væri að klára varnir gegn landrofi í firðinum. Bæjaryfirvöld hafa ekki viljað fjalla um þessa beiðni fyrr en niðurstaða sýslumanns lægi fyrir, og má því búast við að málið skýrist frekar hjá bæjaryfirvöldum á næstu dögum.

Tilkynning sýslumanns fer orðrétt hér á eftir.

Niðurfelling máls vegna ætlaðra brota

Málavextir eru þeir að með bréfi dags. 19. ágúst 2005, óskaði Ísafjarðarbær eftir opinberri rannsókn vegna vegagerðar í Leirufirði. Jafnhliða barst kæra frá Náttúruverndarsamtökum Íslands. Báðar kærur lutu að ætluðum brotum gegn náttúruverndarlögum nr. 44/1999, skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, landgræðslulögum nr. 17/1965 og reglugerð nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru

● Sælkeri vikunnar · Halldóra Kristjánsdóttir í Bolungarvík

Engiferkjúklingur og saltfiskréttur

Sælkeri vikunnar býður að þessu sinni upp á engiferkjúkling og saltfisk með rúsinum og furuhnetum. Kjúklingurinn er bragðgóður og framandi og borinn fram með núðlum. Þá segir Halldóra að nýtt snittubraud bragðist vel með réttinum. Einnig býður hún upp á saltfiskrétt sem er bakaður í ofni. Halldóra bendir á að rétturinn er góður með kartöflugratíni.

Engiferkjúklingur
750 g kjúklingabringur

300 g eggjanúðlur (mega vera hvaða núðlur sem eru)
120 g ferskur engifer
½ l matreiðslurjómi
2-3 msk. kjúklingakraftur (fljótandi)
2 hvítlauksrif
Salt og pipar
Ólífuoía
Kóríander

Skerið kjúklingabringurnar í litla bita og steikið í olíunni. Bætið hvítlauk og rifnu engifer við ásamt salti og pipar. Setjið matreiðslurjómann

saman við og látið sjóða við vægan hita í u.þ.b. 15 mínútur eða þar til bringurnar eru soðnar. Sjóðið núðlurnar sér og setjið úti í. Að lokum er ferskum kóríander stráð yfir áður en rétturinn er borinn fram.

Saltfiskur með rúsinum og furuhnetum

400 g útvatnaður saltfiskur
1 tómatur afhýddur (má nota úr dós)
20 g rúsinur sem lagðar hafa verið í bleyti í þúrtvíni eða sherry.

1 epli afhýtt og skorið í litla bita
20 g furuhnetur
2 hvítlauksgeirar saxaðir
Söxuð steinselja
½ bolli hvítvín

Blandið öllu nema fiskinum og hvítvíninu saman og setjið í eldfast mót. Hellið ½ bolla af hvítvíni yfir. Veltið saltfiskbitunum upp úr hveiti og steikið í smjöri, í u.þ.b. 30 sek. á hvorri hlið. Leggið þá síðan ofan á blönduna í mótinu og stráð pamesanosti yfir.



Bakað í ofni við 180° í 15-20 mín. (fer eftir þykktinni á fiskbitunum).

Ég skora á Steinunni Guð-

mundsdóttur samkennara minn í Bolungarvík til að verða næsti sælkeri vikunnar.

Íslands. Í kærnum var farið fram á að hafin yrði opinber rannsókn þar sem kannað yrði hvort brotið hefði verið gegn viðkomandi lögum og hvort landeigandi og/öðr hefðu mögulega skapað sér refsí- ábyrgð vegna flutnings tveggja vinnuvéla til og frá framkvæmdastað.

Landeigandinn hafði sótt um og fengið framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum til að koma í veg fyrir landbrot og flutningi vinnuvéla á svæðið, en álitaefnið er það hvort farið hafi verið út fyrir leyfið varðandi flutning vélanna.

Í kjölfarið fór fram ítarleg rannsókn af hálfu lögreglunnar á Ísafirði, m.a. með skýrslutökum, ferð lögreglu á vettvang og beiðni um úttekt Umhverfisstofnunar.

Að lokinni rannsókn framsendi sýslumaðurinn á Ísafirði málið til efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans með bréfi dags. 30. september 2005. Málið var framsent embætti Ríkislögreglustjórans í samræmi við 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um rannsókn og saksókn efnahagsbrota, nr. 406/1997, er sett var með heimild í 3. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 8. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Ríkislögreglustjórn endursendi sýslumanninum á Ísafirði málið til þóknarlegrar meðferðar, með bréfi dags. 21. desember 2005, er barst sýslumanni þann 22. desember 2005.

Málavextir eru þeir, að með bréfi til Ísafjarðarbæjar dags. 23. ágúst 2004 óskaði Sólberg Jónsson eftir aðstoð bæjarins við umsókn um styrk vegna kostunar varnargarða á landi sínu vegna ágangs jökulárinnar í Leirufirði, en landið er innan svæðis nr. 324 á náttúru-minjaskrá (Snæfjallahreppur hinn forni). Hann óskaði meðal annars eftir aðstoð tæknideildar bæjarins við að skilgreina umfang og kostnað á nauðsynlegum varnaráðgerðum, en í greinargerð sem hann skilaði inn að beiðni bæjarins þann 27. ágúst 2004 kom meðal annars fram að hann teldi mikilvægt að verkefnið yrði skilgreint og metið hversu stórt tæki þyrfti til að flytja á svæðið.

Bæjaryfirvöld tóku beiðni Sólbergs til meðferðar og í kjölfarið fór byggingarfulltrúi bæjarins á vettvang til að kanna aðstæður. Í greinargerð hans til bæjarins kom meðal annars fram að hann teldi þörf á þó nokkrum efnisflutningum á svæðið, en hann áætlaði að verkið tæki meðalstóra jarðýtu 7-10 gaga.

Sólberg sótti um framkvæmdaleyfi til Ísafjarðarbæjar með bréfi dags. 25. nóvember 2004, en samkvæmt umsókninni var annars vegar um að ræða umsókn um leyfi vegna aðgerða tengdum landbrotinu og hins vegar vegna aðgerða sem voru nauðsynleugar til að koma jarðýtu á svæðið fram og til baka. Í umsókninni kom meðal annars fram að vegalengdin frá vegenda niður að verkstað í ánni

væri um 4 km. Hægt væri að „labba“ á ýtunni mest alla leiðina og því ættu ekki að verða miklar skemmdir á landi, en þó væri það ljóst að ýtan yrði að liðka fyrir sér á leiðinni, einkum þegar hún færi um svokallað Öldugil.

Umsagnir Umhverfisstofnunar, Landgræðslu ríkisins og Veiðimálastofnunar

Í framhaldi af umsókn Sólbergs óskaði byggingarfulltrúi bæjarins eftir áliti Umhverfisstofnunar, Landgræðslu ríkisins og Veiðimálastofnunar þar sem landið er á náttúru-minjaskrá. Umhverfisstofnun taldi, samkvæmt bréfi sínu dags. 14. janúar, Ísafjarðarbæ verða að skilyrða framkvæmdaleyfið með þeim hætti að tryggja yrði að akstri vinnuvéla frá Snæfjallaströnd í Leirufjörð fylgdi sem minnst rask þannig að ekki yrði um önnur ummerki að ræða en þau sem fylgdu akstri slíkra tækja. Landgræðsla ríkisins lagðist í bréfi sínu, dags. 21. mars 2005, alfarið gegn því að farið yrði á jarðýtu utan vega yfir gróid land, þ.e. Dalsheiði og niður Öldugil og aftur til baka. Veidimálastofnun gerði ekki sérstakar athugasemdir við flutning jarðýtu um svæðið í bréfi sínu dags. 29. mars 2005, en minnti þó á að framkvæmdum yrði að vera þannig háttað að ummerki yrðu sem minnst.

Veiting framkvæmdaleyfis

Bæjarstjórn tók þá ákvörðun að veita framkvæmdaleyfi og tilkynnti Sólbergi um það með bréfi dags. 2. maí 2005. Í framkvæmdaleyfinu segir eingöngu að Umhverfisstofnun hafi lagt til við bæjarstjórn að framkvæmdaleyfið yrði veitt „enda verði allt jarðrask vegna umferðar vinnutækis til og frá Leirufirði lagfært“, auk þess sem óskað var eftir því að „haft verði samráð við tæknideild áður en farið verður með jarðvinnutæki í Leirufjörð og ráðist verður í framkvæmdir jökulána.“

Framkvæmdirnar og samskipti landeigenda við yfirvöld vegna þeirra

Í kjölfar leyfisveitingarinnar hafði Sólberg samband við jarðýtustjóra og það hann að sjá um framkvæmd verksins, þ.á.m. flutning vinnuvéla til og frá svæðinu. Þann 22. júlí síðastliðinn hófust framkvæmdirnar með því að byrjað var að flytja tvær vinnuvélar frá Dalsheiði yfir í Leirufjörð. Verkinu lauk síðan 31. júlí, en samkvæmt athugasemdum Sólbergs hafa ekki ennþá verið gerðar lagfæringar vegna jarðrasksins sem varð vegna flutnings vinnuvélanna þar sem ennþá á eftir að meta hvort þörf sé á frekari framkvæmd-

Haldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

„Aldrei kom til greina að leyfa jeppaslóða“

Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ töldu og telja enn að jarðeigandi í Leirufirði hafi farið umfram heimildir við lagningu vegslóða niður fjörðinn, að sögn Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra, en eins og kunnugt er úrskurðaði sýslumaður í málinu í síðustu viku.

„Hvað gert verður í framhaldinu er svo ákvörðun bæjarstjórnar“, segir Halldór. „Það var gefin heimild fyrir því að byggja fyrirstöðugarð niðri í firðinum. Til þess að það yrði hægt þurfti að koma jarðýtu á svæðið. Við ræddum það á sínum tíma við framkvæmdaaðila hvort ekki væri hægt að koma jarðýtunni annað hvort sjóleiðina, eða yfir snjó að vetri til, og töldu þeir það ekki hægt. Þá sagði jarðeigandi okkur að hægt væri að labba með ýtuna yfir, þannig að tönnin yrði uppi, án þess að sæst mikið á svæðinu, og gefin var heimild fyrir því. Staðreynd málsins er síðan sú að mun meira var gert en það, það var gerður jeppafærslóði en farið væri með jarðýtuna yfir og ráðist í framkvæmdir olíu fyrir jarðýturnar, sem voru reyndar tvær en ekki ein,“ segir Halldór.

Þá segir Halldór að mun meiri skemmdir hafi orðið á umhverfinu niður í Leirufjörð en reiknað hafi verið með. „Við töldum að það þyrfti bara að ýta til steini hér og þar. Það er svo ýtumáðurinn sem telur að gera þurfi vegslóða, og hefðum við verið spurð að því þá



Haldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

hefðum við ekki heimilað það. Það kom skýrt fram í framkvæmdaleyfinu að hafa ætti samráð við tæknideild áður en farið væri með jarðýtuna yfir og ráðist í framkvæmdir við jökulána, en það var aldrei gert.“

Í úrskurði sýslumanns kemur fram að leyfisveitandi, það er Ísafjarðarbær, hafi ekki sett fram „lýsingu á framkvæmdum eða afmörkun framkvæmda þannig að heimiluðu eða óheimiluðu jarðraski væri lýst“, eins og segir í úrskurðinum, og að ekkert hafi verið tiltekið um tímafrest sem jarðeigandi átti að hafa til að lag-

fera jarðrask. Aðspurður um hvort þetta hafi verið mistök af hálfu bæjarins segist Halldór ekki telja svo vera.

„Það sem sýslumaður vísar þarna til er að ekki sé nógu nákvæmt orðalag í bréfi byggingarfulltrúa þegar leyfið er gefið út. Ég tek fullt tillit til þess, en mér finnst að það er ekki bara leyfisbréfið sem framkvæmdaaðila var gert kunnugt um, heldur líka umsagnir Veidimálastofnunar, Landgræðslu og Umhverfisstofnunar, auk umsagnar umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar.“

ar. Þá funduðu fulltrúar bæjarins líka með jarðeiganda“, segir Halldór.

„Framkvæmdaleyfið var veitt fyrir fyrirstöðugarðinn niðri í firðinum, svo var hitt bara heimild til að fara með vinnutæki yfir. Málið rís svo einmitt út af því að farið er með vinnutæki þarna yfir með þessum hætti. Það er það sem við erum mjög ósátt við og segjum fullum fetum að það sé ekki í neinu samræmi við það sem var heimilað af hálfu Ísafjarðarbæjar. Það koma aldrei til greina að leyfa jeppaslóða.“

– eirikur@bb.is

unar fóru á vettvang sama dag og kæurnar voru dagsettar, 19. ágúst. Umsögn byggingarfulltrúans vegna vettvangsferðarinnar er dags. 25. ágúst 2005, en þar kemur meðal annars fram að hann telji réttast að gefa Sólberg tæki-færi til að lagfæra skemmdirnar. Umsögn fulltrúa Umhverfisstofnunar er dags. 21. ágúst 2005, en þar kemur meðal annars fram að hann treysti sér ekki til að segja til um hvort hægt hefði verið að fara aðrar og betri leiðir til að komast að svæðinu, en samt sem áður teldi hann að mun minna rask hefði þurft að gera til að aka jarðýtu þessa leið.

Þann 31. ágúst síðastliðinn, eftir að rannsókn lögreglu hófst, lét Sólberg koma fyrir skilti sem bannar umferð um veginn þar sem slóðinn byrjar, auk þess sem hann lét loka fyrir slóðann.

Niðurstaða

Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að gerður var jeppafærslóði, að því er virðist í þeim tilgangi að koma olíu á staðinn. Umrót vegna aðgerðar við að koma jarðýtu yfir í Leirufjörð virðist því vera mun meira en til stóð í upphafi og látið var í veðri vaka í erindi landeiganda. Jafnframt kemur fram í skýrslu Sigurðsar Friðriksdóttur og Helga Jenssonar frá Umhverfisstofnun, að það sé mat stofnunarinnar að framkvæmdir til að koma ýtu frá vegenda á Öldugilshéið niður í Leirufjörð séu ekki í samræmi við veitt framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar og að þær séu mun umfangsmeiri en þörf var á.

Á hinn bóginn setti leyfisveitandi ekki fram við leyfisveitinguna lýsingu á framkvæmdum eða afmörkun framkvæmda þannig að heimiluðu eða óheimiluðu jarðraski væri lýst. Fram kemur í leyfinu að jarðrask sem leiðir af framkvæmdinni skuli lagað, en

ekkert er þar tekið fram varðandi tímafresti. Þá lá fyrir við umsókn, að gert væri ráð fyrir efnisflutningum á svæðið.

Það er mat sýslumanns að hætta beri rannsókn þessa máls, með vísan til 1. mgr. 76. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Rétt er að taka fram að yfirvöldum eru mörg úrræði tæk ef þau telja skilyrði leyfis sem þau hafa veitt ekki hafa verið uppfyllt, til dæmis geta þau stöðvað framkvæmdir, afturkallað leyfi, knúid fram lagfæringar eða látið lagfæringar fara fram og krafid leyfishafa um greiðslu bóta.

Bent er á 76. gr. laga nr. 19/1991, þar sem fram kemur að sá sem ekki vill una við ákvörðun lögreglustjóra, getur kært hana til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því að honum var tilkynnt um hana.

Virðingarfyllt

[sign.]

Sigurður B. Guðjónsdóttir
Sýslumaður á Ísafirði.

Bjarna Ara þarf vart að kynna enda hefur hann verið einn vinsælasti og virtasti söngvari þjóðarinnar frá því að hann sló í gegn í söngkeppninni Látúnsbarkanum 1987. Bjarni hefur sungið inn á fjölda hljómplata en fyrsta plata hans kom út 1988. Síðan þá hefur hann gefið út sex sólóplötur og sungið inn á tugi annarra. Hann hefur tekið þátt í fjölmörgum söngsýningum á Broadway og í Hollywood. Bjarni gekk til liðs við hljóm-sveitina Milljónamæringana árið 1997 og hefur verið söngvari þeirra síðan. Hann er einnig þekktur útvarpsmaður og er núverandi útvarpsstjóri Bylgjunnar. Hins vegar vita færri að Bjarni á ættir sínar að rekja vestur og bjó á Ísafirði á bernskuárunum. Bæjarins besta ræddi við Bjarna um árin á Ísafirði, upphafið af söngferlinum og frægðina.



Bjarni og eiginkona hans Silja Rut Ragnarsdóttir.

Ætlaði aldrei að verða s

– Hvenær bjóst þú á Ísafirði?

„Ég flutti til Ísafjarðar um tveggja ára aldur en bjó þar aðeins í nokkur ár. Ég á ættir að rekja vestur, nánar tiltekið til Hattadals inn af Súðavík. Þar bjuggu langamma mín Friðgerður Þórðardóttir og Bent Eikesdal langafi minn sem var norskur. Afi minn var skipasmiður hjá Marselíusi Bernharðssyni á Ísafirði og hét Sigurður Bentsson og amma mín hét Barney S. Þórðardóttir. Mamma mín heitir Kolbrún Sigurðardóttir og býr á Ísafirði. Pabbi hét Ari Auðunn Jónsson, hann lést árið 1974. Auður Ósk systir mín býr einnig í bænum og svo býr bróðir mömmu, Gunnsteinn, í Bolungarvík.

Ég var í fyrstu tveimur bekkjum grunnskólans á Ísafirði en fluttist svo í Breiðholtið átta ára. Þessi nokkur ár sem ég bjó hér voru alveg frábær. Það er frábært að alast upp á Ísafirði og varla hægt að hugsa sér betri stað til að vera lítið barn á. Þannig held ég að það sé með landsbyggðina almennt. En þegar maður býr fyrir vestan vildi maður vera í Reykjavík því grasið er alltaf grænna hinu megin við hólinn. Hins vegar þegar ég lít til baka finnst mér sá tími sem ég dvaldi á Ísafirði mun skemmtilegri en sá í Reykjavík. Maður hafði mun meira fyrir stafni og var úti að leika sér allan daginn. Þetta var annar tími en í dag þar sem nóg er af afþreyingu hvert sem maður snýr sér. Barnaefni, tölvuleikir og netið. Þá fór maður út snemma á morgnana og kom heim snemma á kvöldin. Börnin voru frjáls ferða sinna og eru það líklega enn í dag. Í Reykjavík er það öðruvísi þar sem manni hættir til að of-

vernda þau. En það þarf meira eftirlit með börnum þar sem hættarnar eru kannski meiri.

Því meira sem ég eldist því meir langar mig til að flytja aftur til Ísafjarðar. Frá því fyrir um tveimur árum hefur löng-unin orðið sterkari og sterkari. Fyrir ári síðan þegar ég kom til Ísafjarðar horfði ég niður úr flugvélaglugganum á hús-ið sem ég bjó í sem krakki og fann þá greinilega fyrir því að ræturnar lægju hér. Ég hafði aldrei áður upplifað þessa tilfinningu svona sterkt eftir að ég flutti héðan. Ég á mikið af skyldfólki hérna og faðir minn liggur í kirkjugarðinum.

Hann var sjómaður á Gugg-unn og druknaði í miklu sjó-slysi í nóvember 1974. Þrír fórust í þessu slysi en það kom brotsjór á skipið sem feykta þeim útbyrðis.

Þá sýndi það sig í verki hversu gott er að búa í svona litlu samfélagi því á þessum erfiða tíma komu margir okkur upp á Ísafirði. Við höfðum verið að byggja hús uppi á Hjalla-vegi þegar mamma stóð uppi sem ekkja. Þá tóku bæjarbúar málin í sínar hendur og hjálpuðu mömmu við að byggja húsið undir stjórn Kristjáns Kristjánssonar fyrrverandi varðstjóra í lögrelgunni. Hann þekkti margir betur á Ísafirði undir nafninu „Kútti löggæ“ og er alveg ótrúlegur maður. Hann er mágur mömmu og hann lagði alla sína krafta í þetta verk og fórnaði meira að segja sumarfrí sínu til að geta að klárað húsið. Honum og öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn verður aldrei fullþakkað fyrir þessa miklu aðstoð. Svona lagað myndi nú ekki gerast hvar sem er. Í svona nánum samfélögum er nágrannakærleikurinn mikill þótt allir séu að spá í hvað sé

– rætt við Bjarna Arason einn ástsælasta tónlistarmann landsins

að gerast í næsta húsi og smjattandi á slúðri.

Mér hefur alltaf fundist gaman að koma til Ísafjarðar og vinnan hefur auðveldað mér að koma í heimsókn. Yfir-leitt þegar ég kem er það vinnutengt. Eins og síðustu tvö skipti hef ég komið til að skemmta. Þó stundum séu heimsóknirnar vitaskuld fjöl-skyldutengdar.

Það er nú of auðveldara sagt en gert að koma vestur að vetri til. Nú þegar maður fer land-leiðina með fjölskylduna heyrir maður sama jarmið og maður var sjálfur með þegar maður er yngri: Hvenær verð-um við komin?! Hjá börnum er þetta óendanleg leið og ein-tómir firðir og manni finnst maður aldrei ætla að komast út úr þeim.

En sem sagt, ég flutti frá Ísafirði yfir í Breiðholtið. Og í dag bý ég í Hafnarfirði.

– Hafðir þú strax á þessum árum áhuga á söng?

„Nei, ég ætlaði aldrei að verða söngvari. Ég ætlaði mér alltaf að verða leikari. Það hef-ur alltaf blundað í mér að mennta mig í leiklist en ég hef ekki látið verða af því ennþá“, segir Bjarni og hlær.

„Söngur tengist að sjálf-sögðu leiklist að einhverju leiti. Upphafið að tónlistarferil mínum var þegar ég var níu ára gamall. Tónmenntakenn-arinn í skólanum mínum var að leita að krökkum í lúðra-sveit. Hann kom inn í bekkinn minn og spurði hverjir vildu taka þátt. Ég rétti strax upp hendi með brennandi áhuga. Ég var mjög ungur þegar ég skynjaði að tónlist væri eitthvað sem ætti við mig. Ég fór því í tónlistarnám og lærði að

leika á trompet. Ég hafði gífur-legan áhuga sem hvatti mig áfram alla mína skólagöngu. Ég hef verið að spila á trompet allan götur síðan. Meðal annars leik ég sjálfur á trompet á nýju plötunni minni. Að læra að spila á trompet var alveg gífurlega góður grunnur fyrir sönginn seinna meir.

Upphafið af söngferlinum var slys eins og svo margt annað og eitt leiddi af öðru. Þann-ig var að ég og nokkrir félagar mínir ákváðum stofna á hljóm-sveit. Einn okkar hafði keypt bassa og það leiddi til þess að við ákváðum einnig að læra á hljóðferi. Við urðum okkur úti um bók sem innihélt bestu lög Elvis Presley með nótum. Við píkkuðum hljóma upp úr henni. Reyndar finnst mér þá mjög skemmtileg tilviljun því ég hef verið frekar tengdur Presley í söngnum og sungið mörg af lögum hans. Segja má að það sé frekar táknrænt að ég hafi byrjað minn feril á því að læra lög eftir hann. En ástæðan var einfaldlega sú að þetta var fyrsta bókin sem við fundum. Í henni voru myndir af gítargripunum sem við hermdum eftir.“

– Svo þetta var upphafið að söngferli þínum?

„Já, það má nú eiginlega segja það. Við fengum að-stöðu í Breiðholtsskóla þar sem lúðrasveitir Árbæjar og Breiðholts höfðu höfuðstöðvar sínar. Þar var stórt og mikið svið sem við fengum æfa að á og þróa tónlistina. Eitt kvöldið þegar við vorum að spila gekk einhver inn í salinn. Einhver fullorðinn maður, að okkur fannst. Við vorum mjög feim-nir og vildum ekki að neinn hlustaði á okkur en þessi mað-ur hefur annað hvort runnið á

hljóðið eða frétt einhvern veg-inn af okkur. Hann bauð okkur að koma fram í sjónvarpi. Þetta kom flatt upp á okkur. Aldrei hefði okkur dottið þetta í hug. En í framhaldi af því komum við fram í unglinga-þætti hjá ríkissjónvarpinu sem hét Unglingarnir í frumskó-ginum. Þetta var þegar ég var fjórtán ára gamall.“

Barnslegt andlit, proskuð rödd

„Ári síðar tók ég þátt í Látúnsbarkanum. Þar keppti ég fyrir hönd Keflavíkur og margir hafa síðan þá bendlað mig við Keflavík. Keflvík-ingar undruðust þó að enginn í plássinu þekkti Látúnsbark-ann. Það er eðlilegt þar sem ég hef enga tengingu þangað og hef ekki einu sinni gíst þar hvað þá meira. Hins vegar er mjög gaman að syngja fyrir Suðurnesjamenn, að því kom-st ég síðar. Ástæðan fyrir því að ég var skráður undir merk-um Keflavíkur var sú að ég kom svo seint inn í keppnina að það var ekkert pláss fyrir mig í Reykjavík. Það var orð-ið fullt.“

En ég sem sagt sigraði þessa keppni í beinni sjónvarpsút-sendingu um land allt. Eftir það fór boltinn að rúlla.“

– Þú varst aðeins 16 ára, var ekkert ógurlegt að syngja fyrir framan alþjóð?

„Nei, nei, ekki svo. Ég var reyndar yngsti keppandinn en eins og þegar ég söng í Unglingunum í frumskóginum þá hafði ég mjög barnslegt andlit með þroskaða rödd. Þegar ég lít til baka finnst mér frammi-staða mín ekki hafa verið upp á marga fiska en það sem vakti athygli var að röddin stakk í

stúf við útlitið.

Það má nú segja að það hafi verið örlagavaldur að ég tók í þessari keppni því ég ætlaði ekkert að gera það. Ég hafði séð auglýsingu frá Stuð-mönnum þar sem þeir voru að hvetja fólk til að spreyta sig. Ég þorði ekki að taka þátt því ég var bæði feiminn og óframferinn. Vinur minn og jafnaldri, Hjalti Þorsteinsson, skráði mig í keppnina án minnar vitneskju. Þegar hann svo lét mig vita af því þá gat ég ekki annað en mætt á stað-inn. Eftir það varð ekki snúid.“

– Og þú sérð ekki eftir því í dag.

„Nei, ég sé ekki eftir því, en hitt er svo annað mál hvort það sé hollt fyrir mann fá svona stóran bita í einu eins og gerðist þarna. Ég varð fræg-ur á einu kvöldi. Hægt er að bera þetta saman við Idol-keppnina í dag. Maður fær rosa mikla athygli og það er undir hverjum og einum kom-ið hvernig þeir meðhöndla hana.“

– Nú varst þú mjög ungur, áttir þú erfitt með að höndla þessa skyndilegu frægð?

„Vissulega var það erfitt. Samt var skemmtilegur tími og ég sé ekki eftir neinu. Þetta var mikil þroskabrot sem ég fetaði þarna. En ég fór í óreglu og allt sem henni fylgir. Það er meira en að segja það að höndla svona lagað fyrir óharðnaðan ungling. Maður þarf að halda rétt á spilunum. Þetta er líka allt annað hér heima en úti í hinum stóra heimi þar sem stjörnur eru um-kringdar fagmönnum sem hugsa fyrir þær hvert einasta útspil. Hvert þær eigi að fara, til hvaða blaða þær eiga að fara í viðtal, hverju þær eiga

að klæðast o.s.frv. Stjórnur eru markaðsettar.

Ég hafði ekkert slíkt. Hins vegar hafði ég allt í einu fulla vasa af peningum og nóg að gera. Mikið djamm og ég lifði hratt. Þar til það kom að því að ég þurfti að gera reiknings-skil. Hlutirnir gátu ekki gengið svona endalaust svo ég sneri við blaðinu.“

Suðræn sveifla og svíng

„Ég hef nú gefið út nokkrar plötur síðan og þótt ég hafi ekki verið stanslaust á forsið-um tímarita hefur verið nóg að gera. Ég hef ferðast um landið og jafnvel heiminn. T.d. er ég að fara til Noregs í næsta mánuði að skemmta. Svo er alltaf gaman að koma heim til Ísafjarðar. Þó eru margir sem hafa ekki hugmynd um tengingu mína við Ísafjörð. Þessi bær á marga

skein sól. Það er einmitt svo skemmtilegt þegar menn geta sungið allar tegundir af tónlist. Eins og Elvis Presley, hann söng allt og hefði eflaust rappað ef það hefði verið uppi á hans tíma. Hann söng rokk, gospel og allar þessar ballöður.

Þannig er það þegar maður er alæta að maður fær allt í einu flugu í hausinn að gera eitthvað allt öðruvísi. Mig hefur lengi langað til að gera svona plötu enda tengist það Milljónamæringum sem ég er alltaf að syngja með af og til. Svona suðræn sveifla og svíngið.“

Á sviði í Las Vegas

– Er í bígerð hjá þér að halda tónleika á Ísafirði?

„Mig hefur lengi langað til að koma og halda tónleika í Ísafjarðarkirkju. Ég á einhvern tímann eftir að gera það. Ég hef mjög gaman af því að

Söngvari

tónlistarmenn og Ísfirðingar ættu ekki að hika við að hreykja sér af því. Til dæmis bjó Helgi Björns í sömu götu og ég. Svo skemmtilega vill til að hann syngur einmitt eitt lag með mér á nýju plötunni. Svíng var gefin út um jólin og útgáfutónleikarnir á Nasa voru sýndir á Stöð 2 á nýárskvöld. Sú plata er í anda upphafsins hjá mér þegar ég var í lúðrasveit og síðar Big-bandi. Þemad á plötunni er þessi sveiflu-eda svíngtónlist. Ég hef verið að dútla við ýmsar tónlistarstefnur. Ég hef gefið út popp og eina gospelplötu sem tekin var upp í kirkju. Sú plata var platinuplata. Ég hef því komið inn á mörg svið og á nýju plötunni kveður enn við nýjan tón.“

– Skiptir það ekki miklu máli í þessum bransa að koma með nýjungar?

„Jú, það held ég. Og maður á að vera óhræddur við að prófa nýja hluti. Ef mann langar til að gera eitthvað á maður að láta slag standa. Ekki bara hugsa um hlutina heldur að framkvæma þá. Það á reyndar við um flest allt í lífinu.“

Á plötunni syngjum við Helgi saman lagið Astaróður en mig hafði lengi langað til að syngja með honum. Það hafði bara aldrei gefist færi á því. Svo fékk ég þetta lag upp í hendurnar sem var tilvalið. Þetta er lag sem Pétur Kristjánsson og Bjartmar Guðlaugsson fluttu árið 1986. Það var bannað á sínum tíma að spila lagið í útvarpi þar sem textinn þótti ekki nógu tilhlýðilegur. Mér fannst liggja beinast við að fá Helga til verksins. Hann er mjög góður söngvari og syngur þarna á allt öðruvísi hátt en í Síðan

syngja í kirkju. Ég syng mjög mikið í brúðkaupum og er stífbokaður næstum öllum sumur. Sem er alveg gríðarlega skemmtilegt. Einnig hef ég verið að syngja í jarðarförum og fleiri kirkjulegum athöfnum. Það er sérstemning yfir því. Allir sitja og eru að hlusta. Allt annað en að syngja á dansleikjum þar sem maður fær stundum á tilfinninguna að maður sé óþarfur. Það er miklu meira krefjandi og um leið gefandi að standa fyrir framan fullan sal á fólki þegar allra augu og eyru eru á manni.“

– Hvað er svo næst á dagskrá hjá þér?

„Það er ekkert ákveðið. Mig langar til að gera jóla plötu í þessum sveifluanda. Það verður bara að koma í ljós hvort ég muni gera aðra plötu í þessum stíl eða reyna eitthvað nýtt. Ég hef mjög gaman af þessari tónlist, hún er í anda Nat King Cole, Frank Sinatra og fleiri góðra. Lengi blundaði í mér sá draumur að slá í gegn í Las Vegas eins og hið fræga Rat Pack gengi. Ég fór meira að segja eitt sinn í áheyrnarprufu þangað. Ég flaug út og fékk að syngja á sviði fyrir mann sem sér um stórar söngsýningar. Að því loknu langaði mig svo ekkert lengur til að slá í gegn í Las Vegas. Sú löngun var bara alveg horfin. Að vísu kom ekkert út úr þessari áheyrnarprufu en ég áttaði mig á því að mig langaði mun frekar að vera heima í faðmi fjölskyldunnar. Ég hef fengið að reyna það að vera eins og Birgitta Haukdal og fá ekki einu sinni frið heima hjá mér. Og ég get ímyndað mér hversu miklu erfiðara það er að vera frægur erlendis. Enda fara



margir illa út úr því. Ég tel það vera mikil forréttindi að

geta unnið við ástríðu mína og er mjög þakklátur fyrir

það*, segir Bjarni Arason, tónlistamaður sem Ísfirðingar eru

stoltir af að eiga hlutdeild í. – thelma@bb.is

Smáauglýsingar

Ungt og reyklaust par vantar 2-3ja herb. íbúð í Reykjavík, t.d. í Grafarvogi eða í Kópavogi. Uppl. í síma 893 5784. Svanlaug.

Til leigu er 3ja herb. íbúð í Stórholti 11 á Ísafirði. Laus nú þegar. Uppl. í síma 456 4170.

Til sölu er Honda snjóblásari (beltblásari) 90 cm á breidd. Kastgesta 15 metrar. Upplýsingar í síma 892 3239.

Til sölu eru nokkrir stelpukjólur (prinsessukjólur) á ca. 2-4 ára. Einnig drengjakjólur fyrir sama aldur. Uppl. í síma 865 6461.

Þorrablót Austfirðingafélagsins á Vestfjörðum verður haldið 28. jan. nk. Þátttaka tilkynnist til Hörpu Gríms, Aslaugar Jens, Guðrúnar Elíasar, Guðbjargar Ólafs eða Þorbjargar Finnoga fyrir 22. janúar.

Töluvert af fatnaði er í óskilum í Tónlistarskólanum á Ísafirði, þ.á.m. ný Colorkids dúnúlpá. Uppl. í síma 456 3925.

Til sölu er Subaru Justy árg. 91. Góður bíll á góðu verði. Uppl. í síma 868 4080.

Til sölu er barnaköja og vinstrihandar golfsett. Selst ódyrt. Uppl. í síma 861 6005.

Til sölu er hvölpur af Brier kyni. Uppl. í síma 893 7287.

Kirkjustarf

Ísafjarðarprestakall: Guðspjónusta verður á Hlíf, íbúðum aldraðra sunnudaginn 22. janúar kl. 14:00. Kaffi á eftir.

Hvítasunnukirkjan Sal-em: Barnastarf á föstudag frá kl. 17:00-18:30. Bænastund á sunnudag kl. 16:30 og samkoma kl. 17:00. Alfa námskeið kl. 19:00 á þriðjudag.

Mannfagnaður

Þorrablót Bolvíkingafélagsins í Reykjavík og nágrenni, hið 12. í röðinni, verður haldið laugar- daginn 4. febrúar í Versöllum, lónaðarmannahúsinu við Hallveigarstíg í Reykjavík. Húsið opnar kl. 19 og borðhald hefst stundvíslega kl. 20. Ræðumaður kvöldsins verður Margrét Jónsdóttir og veislustjóri verður Guðmundur Gunnarsson.



Algengustu málin á Ísafirði snerust um brot á lögum um ávana- og fíkniefni.

Á þriðja hundrað mál afgreidd hjá ákærurvaldinu á Vestfjörðum

Alls komu 242 mál til afgreiðslu hjá ákærurvaldinu á Vestfjörðum árið 2004, samkvæmt nýrri ársskýrslu ríkissaksóknara. Sextíu mál komu til afgreiðslu hjá lögreglustjóranum á Hólmavík, 21 hjá lögreglustjóranum á Patreksfirði, átta í Bolungarvík og 153 hjá lögreglustjóranum á Ísafirði. Í 183 tilfellum var gefin út ákæra en 52 mál voru felld niður. Í sjö tilfellum var fallið frá saksókn, tveimur í Patr-

eksfjarðarumdæmi og 5 í Ísafjarðarumdæmi. Fæst mál enduðu með ákæru hjá lögreglustjóranum á Patreksfirði, en þar voru 11 mál felld niður auk þess sem fallið var frá ákæru í tveimur, eins og áður sagði. Það voru því bara átta mál sem enduðu með ákæru, eða 38,1% þeirra mála sem komu til afgreiðslu.

Flest mál enduðu með ákæru hjá lögreglustjóranum á Hólmavík eða öll sextíu. Hjá

lögreglustjóranum á Ísafirði enduðu 70,6% mála með ákæru, og hjá lögreglustjóranum í Bolungarvík enduðu 87,5% mála með ákæru. Hjá lögreglustjóranum á Ísafirði var algengast að mál snerust um brot á lögum um ávana- og fíkniefni, en þau voru 47 árið 2004 og voru gefnar út 41 ákæra. Næstalgengast voru umferðarlagabrot önnur en ölvunarakstur, en um það snerust 29 mál og enduðu 26 með

ákæru. Þar á eftir var það ölvunarakstur en tólf mál komu til umfjöllunar og var kært í tíu þeirra.

Hjá lögreglustjóranum á Hólmavík var langalgengast að um brot á umferðarlögum öðrum en ölvunarakstri væri að ræða, en það voru 56 af 60 tilvikum. Hjá lögreglustjóranum á Patreksfirði var algengasta málið líkamsmeiðingar, en fimm tilfelli komu fram og var kært í þeim öllum. Þá voru

fjögur mál sem snerust um umferðarlagabrot önnur en ölvunarakstur og var kæra felld niður í öllum tilfellum. Hjá lögreglustjóranum í Bolungarvík snerust þrjú mál um brot á lögum um ávana- og fíkniefni, og tvö brot á lögum um siglingar og útgerð. Kært var í þessum fimm málum. Eitt mál var felld niður hjá lögreglustjóranum á Bolungarvík en það snerist um brot gegn valdstjórninni.

Fegurðarsamkeppni Vestfjarða

Leit að þátttakendum hafin

Stefnt er að því að átta stúlkur taki þátt í Fegurðarsamkeppni Vestfjarða 2006 sem haldin verður í Krúsinni á Ísafirði í mars. „Við höfum fengið nokkrar ábendingar og ég á von á að fá fleiri ábendingar á næstu dögum. Þá vonumst við eftir ábendingum um fallegar stúlkur á suðurfjörðunum,“ segir Stefán Dan Óskarsson hjá Stúdíó Dan, sem hefur



veitt þátttakendum keppninnar aðstoð við að þjálfa líkamann í árafjöld. Venju samkvæmt er keppnin haldin annað hvert ár.

Metþátttaka var í síðustu keppni þar sem níu stúlkur tóku þátt. Af þeim tóku þrjár

stúlkur þátt í keppninni með titilinn Ungfrú Ísland sem haldin var í Reykjavík þar sem tvær vestfirskar stúlkur komust í fyrstu fimm sætin sem er besti árangur Vestfirðinga í keppninni til þessa. Tekið er á móti ábendingum um vænlega þátttakendur í síma 456-4022. Eina skilyrðið er að stúlkurnar þurfa að hafa náð 18 ára aldri. – thelma@bb.is

Þorrablót Hnífsdælinga haldið í 58. sinn

Þorrablót Kvenfélagsins Hvatar í Hnífsdal verður haldið í 58. sinn 4. febrúar í Félagsheimilinu í Hnífsdal. Þorrablót Hnífsdælinga hefur einungis fallið niður tvisvar sinnum frá upphafi árið 1947. Í fyrsta skiptið var það árið 1949 vegna samkomubanns sem mun hafa verið lagt á vegna smitandi veikindafaraldurs. Seinna skiptið

var 2003 þegar það féll niður. Blótið er ætíð vel sótt og voru 190 gestir á því í fyrsta. Kvenfélagskonur í Hvöt í Hnífsdal hafa ætíð lagt sig fram um að gera blótið að sem bestri skemmtun. Venju samkvæmt verða leiknir gamanþættir og farið með vísur. Þess má geta að ágóði þess rennur ætíð til líknarmála. – thelma@bb.is

STAKKUR SKRIFAR

Aðgát skal höfð í nærveru sálar

Í síðustu viku kvaddi Gísli Hjartarson þennan heim við aðstæður sem skóku flesta íbúa Íslands ekki síst Ísfirðinga. Aðstandendum og öllum vinum er vottuð samúð. Hann lá undir grun um alvarleg afbrot en ekkert hafði sannast. DV birti frétt á forsíðu um málið og framsetning var langt út fyrir velsæmi. Það var ekki í fyrsta sinn. Hvað framtíð ber í skauti sér kemur í ljós. Mikil reiði kviknaði í þjóðfélaginu og margir sýndu hana. Safnað var undirskriftum og samtök auglýsingastofa hvöttu til þess að ekki yrði auglýst í DV. Hverja skoðun sem menn kunna að hafa á þessum viðbrögðum urðu þau til þess að nýir ritstjórar stýra nú DV. Ætla má að farið verði að sidareglum Blaðamannafélags Íslands.

Margt hefur verið sagt og skrifað um málið. Sannleikskorn leynist þar víða. Hitt er ljóst, að þótt fáir kunni að vera því sammála þá á DV rétt á sér. Það er ekki sagt vegna ánægju með blaðið og þrátt fyrir óánægju með efnistökin í mörgum málum. Sem betur fer eru fjölmiðlar ekki bannaðir á Íslandi og það verður vonandi aldrei. Hitt er brýnt að hafa síðferðisviðmið í umfjöllun fjölmiðla um málefni fólks almennt. Það á einkánlega við er út af bregður í lífi fólks. Sú regla hefur almennt verið virt að telja fólk saklaust uns sekt þeirra er sönnuð. Þessi góða, einfalda regla hefur ekki náð eyrum stjórnenda DV. Heyrn á líðan fólks hefur verið dauf og

skilningurinn

Aldrei má gleymast að allir menn eiga rétt á friðhelgi, einkum um einkalíf sitt og í gildi er sá þjóðfélagssamningur að brjóti menn lög er það lögreglu að rannsaka lögbrott, ákærvalds að taka ákvörðun um útgáfu ákæru, fella mál niður, hætta rannsókn, og dóms að dæma. Sá virðist ekki hafa verið skilningur DV. Áleitun spurning vaknar um menntun og þekkingu blaðamanna á þessu sviði. Er hún næg? Nú var það svo, að einn reyndasti blaðamaður landsins ritstýrði DV. Hann neitar að DV kveði upp dóm yfir þeim sem það fjallar um og lagði áherslu á mikilvægi sannleikans. Hvernig er það hægt, liggi hann ekki fyrir samkvæmt reglum stjórnarskrár? Hver maður skal teljast saklaus uns sekt hans er sönnuð. Hið barnlega álit ritstjóra DV að þeir höndli sannleikann betur en til þess bærar stofnanir ríkisins er ekkert annað en hroki af verstu gerð. Segja má að orð hinnar helgu bókar, Biblíunnar, hafi sannast og sannleikurinn gert þá frjálsa og frelsað þjóðina frá þeim.

Hinu verður ekki neitað að margir hafa farið geist. Gildir það um alþingismenn, presta og fleiri. Málfrelsinu er ógreiði gerður með því að reka fjölmiðla burt. Setja verður ramma sem lýtur síðferði og lögum.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Vínveitingaleyfi Langa Manga einungis framlengt fram í mars

Eigendur Langa Manga á Ísafirði fóru fyrir stuttu fram á árs framlengingu á vínveitingaleyfi kaffihússins. Sýslumaðurinn á Ísafirði hefur mælt með því að leyfi til áfengisveitinga verði veitt tímabundið þar til skemmtanaleyfi staðarins verður endurskotið í mars. Eins og fram hefur komið sendi Erlingur Tryggvason bæjarráði kvörtun fyrir hönd íbúa við Aðalstræti 24 vegna þess ónæðis sem þykir af nálægð við Langa Manga, þar sem farið var fram á að bærinn afturkalli skemmtanaleyfi staðarins.

Í bréfi sýslumanns segir meðal annars: „Veitingastaðurinn Langi Mangi fékk veitingaleyfi hjá sýslumanni þann

13. mars 2003. Leyfið tekur til þess að reka kaffihús er selur kaffi og léttar veitingar, og smásölu á minjagripum og gildir leyfið til 13. mars 2007.“ Þá kemur fram að eigendaskipti hafi átt sér stað á Langa Manga nú á haustmánuðum.

„Upphaflega var [staðurinn] rekinn sem kaffihús, þó með áfengisveitingum og var opnunartími frá hádegi og fram til kl. 23:00. Í mars 2004 [ári eftir opnun. Innsk. bb.is] var sótt um skemmtanaleyfi vegna Langa Manga og voru forsendur fyrir umsókn þær að gestir vildu gjarnan sitja svöftuð lengur og spjalla saman. Skemmtanaleyfi var veitt til eins árs á þessum forsendum, frá 11. mars 2004. Engar

kvartanir bárust til lögreglu til þess að reka kaffihús og fram til júlímánaðar 2005. Skemmtanaleyfið var því endurnýjað athugasemdalest þann 17. mars 2005, til eins árs.[...]“

„Sjö bókanir eru skráðar hjá lögreglu vegna hávaða frá og við staðinn frá 1. júlí 2005. Hins vegar eru bókanir og skráð mál samtals 18 talsins, flestar vegna ölvunarólata sem lögregla hefur þurft að hafa afskipti af. Þann 29. júlí 2005 kynnti lögregla þáverandi eiganda veitingastaðarins um þær kvartanir sem voru komnar fram og skánaði ástandið um tíma og komu engar kvartanir fyrir en líða tók á veturinn. Lögregla hefur brugðist við

kvörtunum með því m.a. að gera ráðstafanir til að mannfjöldi safnist ekki saman fyrir utan staðinn eftir lokun hans. Þá hefur lögregla einnig fylgst með mannfjölda inni á staðnum og hlutast til um að hávaði sé minnkaður þegar kvartanir hafa borist.[...]“

„Á undanföllum mánuðum virðist aðsókn hafa aukist verulega og opnunartími lengst, auk þess sem reksturinn virðist vera með breyttu sniði frá fyrstu umsókn um veitingaleyfi vegna staðarins, þ.e. frá því að vera kaffihús að mestu í það að vera skemmtistaður með áfengisveitingum og tónlistarflutningi.“

Þá kemur fram í bréfi sýslumanns að það sé ekki í verka-



Veitingastaðurinn Langi Mangi er fjölsóttur.

hring lögreglunnar að standa í hávaðamælingum, og bendir á heilbrigðisnefnd í því sambandi. Einnig segir að plön um að láta framkvæma slíkar mælingar hafi komið fram á fundum sýslumanns og bæjar-

yfirvalda. Bæjarráð fjallaði um málið á fundi í gær og samþykkti að veita vínveitingaleyfi þann tíma sem skemmtanaleyfi gildir, eða fram í mars.

– eirikur@bb.is



Fíkniefni fannst við húsleit í Súðavík

Tveimur mönnum sem sátu í gæsluvarðhaldi á Ísafirði frá 5. janúar vegna fíkniefnamisferlis var sleppt um miðja síðustu viku. Lögreglan á Ísafirði gerði húsleit á heimili einu í Súðavík og fann þar á sjötta tug gramma af hassi, rúmlega 100 þúsund krónur í peningum auk áhalda sem greinilega hafa

verið notuð til kannabisreykinga. Í framhaldi af húsleitinni voru tveir einstaklingar, annar tæplega títugur og hinn á þrítugsaldri, handteknir og færðir til yfirheyrslu.

Í þágu rannsóknar málsins lagði lögreglustjórinn á Ísafirði fram gæsluvarðhaldskröfu, fyrir Héraðsdómi Vest-

fjarða, föstudaginn 6. janúar sl og samþykkti héraðsdómur kröfu lögreglustjóra. Lögreglan á Ísafirði telur sig hafa, með rannsókn þessa máls, upplýst dreifingu á tæplega fimmtíu grömmum af hassi í haust sem leið og nú dreifingu á svipuðu magni síðustu vikurnar. Talið er að hassmagn

sem lögreglan lagði hald á í tengslum við mál þetta hafi átt að fara í dreifingu á svæðinu. Rannsókn málsins stendur enn yfir. Málið er lítið mjög alvarlegum augum enda liggur fyrir játning gagnvart dreifingu kannabisefna á norðanverðum Vestfjörðum á undanföllum vikum. – bb@bb.is

Lýður Árnason læknir og félagar

Vinna að heimildarmynd um Ísmanninn

Stefnt er að því að heimildarmynd Lýðs Árnasonar, læknis og kvikmyndagerðarmanns á Flateyri um Ísmanninn Sigurð Pétursson verði frumsýnd í haust. Frá því er greint á vefsíðunni mannlif.is að Lýður sé þessa dagana í Kuuumiit á Austur-Græn-

landi ásamt fimm manna töku-liði að vinna að myndinni, en Sigurður varð heimspektur eftir að hafa fangað hákarl í fjöruborði og banað honum berhentur.

„Myndin hefur verið í vinnslu í tvö ár þar sem leiðin hefur legið víða um Grænland



Lýður Árnason.

en einnig inn á Landsspítalann þar sem Ísmaðurinn fór í hjartaþræðslu að frumkvæði leikstjórans og læknisins. Það var samdóma álit lækna eftir aðgerðina að Lýður hafi þá náð að bjarga lífi Ísmannsins þar sem hann var á barmi hjartaáfalls“, segir á mannlif.is.

Dimmalimm frumsýnt í febrúar

Æfingar á nýjum einleik Kómedíuleikhússins hófust í Möguleikhúsinu í síðustu viku. Að vanda sækir leikhúsið í vestfirskan sagnaarf og nú er tekin fyrir íslenska ævintýrið um Dimmalimm eftir Bíldalínginn Guðmund Thorsteinsson eða Mugg eins og hann er betur þekktur. Leik-

ari verksins er Elfar Logi Hannesson og leikstjóri Sigurður Albert Heimisson og þeir sömdu einnig leikgerðina. Þá hannar Marsibil G. Kristjánisdóttir leikmyndina og Alda Veiga Sigurðardóttir, listakona á Þingeyri, búningana.

Að því er fram kemur á vef Kómedíuleikhússins er stefnt

að því að frumsýna Dimmalimm um miðjan febrúar á Ísafirði. Dimmalimm er ferðasýning og verður sýnd í leikhúsi og grunnskólum um land allt á komandi ári. Söguna um Dimmalimm þarf vart að kynna en hún fjallar um prinsessu sem eignast svan fyrir vin. Ævintýrið hefur fylgt ís-

lenskum börnum frá því að það kom fyrst út á bók árið 1942. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Dimmalimm ratar á leiksviðið en hún var sýnd í Þjóðleikhúsinu árið 1970 og seinni setti leikhópurinn Augnablik upp sína leikgerð á sögunni.

– thelma@bb.is



Súðavíkurbærinn

Auglýsing um deiliskipulag

Sveitarstjórn Súðavíkurbærs auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi í landi Hlíðar í Álfafirði, Súðavíkurbæri, skv. 25. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er heildarstærð skipulagssvæðisins 15ha og gert er ráð fyrir 15 lóðum fyrir frístundahús. Sex lóðanna eru ofan Þjóðveggar og níu lóðir eru neðan Þjóðveggar.

Skipulagsútdráttur ásamt greinargerð er til sýnis á skrifstofu Súðavíkurbærs, Grundarstræti 3, 420 Súðavík frá og með 19. janúar 2006, til og með 16. febrúar 2006. Einnig er skipulagsuppdráttinn að finna á heimasíðu Súðavíkurbærs, www.sudavik.is

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til fimmtudagsins 2. mars 2006 og skulu þær vera skriflegar.

Athugasemdum skal skila á skrifstofu Súðavíkurbærs, Grundarstræti 3, Súðavík.

Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest, telst samþykkur henni.

Ingi Þór opnar heimasíðu

Ingi Þór Ágústsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, og frambjóðandi til 2-3 sætis á lista flokksins í komandi prófkjöri hefur opnað heimasíðu á slóðinni www.ingithor.is. Á heimasíðunni skrifar Ingi Þór um hugðarefni sín og má þar meðal annars finna pistla um staðsetningu olíubirgðastöðvar á Ísafirði og símamál bæjarins. Prófkjör Sjálfstæðisflokksins fer fram 11. febrúar.



Fasteignamat hækkar

Fasteignamat íbúðarhúsa og lóða á Ísafirði, Flateyri, Suðureyri, í Súðavík, Bolungarvík, Hnífsdal og á Hólmavík mun hækka um 15%. Frá því er greint á vefsíðu fjármálaráðuneytisins þar sem greint er frá nýju fasteignamati.

Þá mun einnig matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á Þingeyri, Tálknafirði, Patreksfirði og Bíldudal hækka um 5%. Matsverð atvinnuhúsa og atvinnuhúsaloða á Vestfjörðum helst óbreytt. Nýja matsverðið tók gildi 31. desember.

Mikil raforkunotkun ódýrust hjá Orkubú Vestfjarða

Sett hefur verið upp reiknivél á heimasíðum Neytendastofu og Orkustofnunar þar sem reikna má út rafmagnskostnað miðað við hvaða raforkusöluvyrirtæki er skipt við, en verslun með raforku var gefin frjáls um áramótin, þó nokkurn tíma taki að skipta um raforkufyrirtæki. Þar eru gefin upp þrjú fyrirfram ákveðin mólél fyrir rafmagnsnotkun, það er íbúð í fjölbýli (110m²), raðhús (180m²), og einbýlishús (250m²). Þá er hægt að velja staðsetningu raforkuneytandans á landinu. Fyrir ísfröðing virðist ódýrast að skipta við Orkubú Vestfjarða ef hann nýtir rafhitun.

Ef íbúð í fjölbýli án rafhitunar á Ísafirði er valin í reiknivélinni og skoðaður er almennt taxti, kemur í ljós að ódýrast er að skipta við Orkuveitu Húsavíkur. Þá er kostnaður á ári 19.258 kr., sem bætist ofan á taxtagjald Orkubús Vestfjarða sem er 26.584 kr. og gerir því samtals 45.842 kr. Í þessu er miðað við ársnotkun upp á 4.804 kWh. Næst á listanum eru Norðurorka með heildarverð upp á

45.962 með taxtagjaldi OV, og Hitaveita Reykjavíkur með sama verð. Þá koma Hitaveita Suðurnesja og Rarik sem eru lítið eitt hærri með 46.022 kr., þarnaest Orkubú Vestfjarða með 46.916 kr. á ári og loks Rafveita Reyðarfjarðar með 52.507 kr. Þess má geta að taxtagjald er alltaf það sama fyrir íbúðir í fjölbýli, eða 26.584 kr.

Ef lítið er til raðhúsa, án þess að breyta öðru, er Orkuveita Húsavíkur aftur ódýrust, með 56.979 kr. á ári, en þar af er taxtagjald Orkubús Vestfjarða fyrir dreifingu 32.221 og gert er ráð fyrir ársnotkun upp á 6.176 kWh. Norðurorka og Orkuveita Reykjavíkur koma þar á eftir með 57.133 kr. á ári, Hitaveita Suðurnesja og Rarik með 24.989 kr., Orkubú Vestfjarða með kr. 25.286 og Rafveita Reyðarfjarðar með 31.833 kr. Fyrir 250m² einbýlishús er enn og aftur ódýrast að versla við Orkuveitu Húsavíkur, en þá er kostnaðurinn 65.390 kr. á ári miðað við 7212 kWh ársnotkun, og taxtagjald fyrir dreifingu upp á 36.478 kr.



Ódýrast er að skipta við Orkubú Vestfjarða í öllum tilvikum ef maður notar rafhitun. Án rafhitunar er það hins vegar næst dýrast.

Orkubú Vestfjarða er þá næst ódýrast með 65.504 kr. á ári. Þá koma Norðurorka, Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og Rarik öll með 65.589 kr. og loks Rafveita Reyðarfjarðar með 72.774 kr.

Öll verð hér að ofan miðast við húsnæði sem ekki er rafhitað. Ef lítið er til rafhitaðra íbúða í fjölbýli er Orkubú Vestfjarða læst með 115.553 kr. á ári miðað við 27.491 kWh og taxtagjald fyrir dreifingu upp á 26.402 kr. Næst á eftir kemur Orkuveita Húsavíkur með 122.073 kr. Þá Norðurorka og Orkuveita

Reykjavíkur með 122.667 kr. á ári. Næst á eftir koma Hitaveita Suðurnesja og Rarik með 122.965 kr. á ári. Lestina rek eins og áður Rafveita Reyðarfjarðar með 134.433 kr. á ári.

Raforka í raðhúsi með rafhitun er ódýrust hjá Orkubú Vestfjarða, eða 163.591 kr. á ári miðað við ársnotkun upp á 40.744 kWh og taxtagjald fyrir dreifingu upp á 32.901 kr. Þar næst kemur Orkuveita Húsavíkur með 174.694 kr. Þá koma Norðurorka og Orkuveita Reykjavíkur með kr. 175.575 á ári, og svo Hitaveita Suðurnesja og Rarik með

176.015. Loks kemur Rafveita Reyðarfjarðar með krónur 190.492.

Ef lítið er einbýlishúsa kemur í ljós að Orkubú Vestfjarða er lægst með 213.559 kr. á ári, miðað við ársnotkun upp á 51.673 kWh og taxtagjald fyrir dreifingu upp á 48.615 kr. Þar á eftir kemur Orkuveita Húsavíkur með 228.442 kr. Þá Norðurorka og Orkuveita Reykjavíkur með 229.559 kr. Næst eru það Hitaveita Suðurnesja og Rarik með 230.118 kr., og loks Rafveita Reyðarfjarðar með 247.075 kr.

– eirukur@bb.is

**Starfsnám
byggt á áratuga reynslu**

Vinnuvélanámskeið löntæknistofnunar

**Verður haldið
á Ísafirði
2. - 10. febrúar**

Réttindi á allar vinnuvélar

Nánari upplýsingar og skráning

hjá **löntæknistofnun**

í síma **570 7100, 897 0601**

og á vefsíðu **www.iti.is/vinnuvelar**

**NÁM
SKEIÐ**

löntæknistofnun



Olíubirgðastöð olíufélaganna við Suðurgötu.

Olíubirgðastöð olíufélaganna á Ísafirði

Lagt til að heildarúttekt verði gerð á staðsetningu

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að farið verði í samstarf við umhverfisnefnd um heildarúttekt á staðsetningu olíubirgðastöðvar á Ísafirði, að sögn Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra, sem sat umræður um málið. Í heildarúttektinni yrðu skoðaðir þeir kostir að hafa olíubirgðastöð í Mávagarði, við enda Sundabakka og við Suðurgötu, þar sem olíubirgðastöðin er nú. Á heimasíðu Halldórs, haddi.is, segir meðal annars um fundinn:

„Þó marg oft sé búið að skoða alla valkosti í þessu máli

var ákveðið í hafnarstjórn að skoða valkostinn Mávagarður enn betur. Ástæðan er sú að fyrir liggur skoðun á núverandi stað, búið er að skoða Sundahöfnina og bæjarstjórn samþykkti að taka það enn umræður um málið. Í heildarúttektinni yrðu skoðaðir þeir kostir að hafa olíubirgðastöð í Mávagarði, við enda Sundabakka og við Suðurgötu, þar sem olíubirgðastöðin er nú. Á heimasíðu Halldórs, haddi.is, segir meðal annars um fundinn:

„Þó marg oft sé búið að skoða alla valkosti í þessu máli

tanga er sú staðsetning nánast út úr myndinni vegna nálægðar við þá byggð sem verið er að skipuleggja niður tangann og vegna þess hversu nálægt flugvælinum staðsetningin er.“

Eins og fram hefur komið lagði bæjarráð til að beiðni Olíudreifingar ehf. og Skeljungs hf. um stækkun lóðar olíubirgðastöðvar við Suðurgötu um 1.130 m² yrði samþykkt og að heimild yrði veitt til uppbyggingar á lóðinni, en eftir umræður í bæjarstjórn var málinu vísað til umsagnar hjá hafnarstjórn og umhverfisnefnd.

– eirukur@bb.is

Sólborg fær rausnarlega gjöf

Foreldrafélag Sólborgar á Ísafirði gaf leikskólanum veglega gjöf á fimmtudag í síðustu viku. Um er að ræða litasjónvarp og DVD spilara. „Í tilefni afmælis Sólborgar 1. febrúar nk. gáfum við skólanum snemmbúna og óvanta gjöf. Það vantaði annað sjónvarp og leikskólinn átti engan DVD spilara svo við ákváðum að bæta úr því“, segir Guðný Stefania Stefánsdóttir fyrir hönd foreldrafélagins. Þess má geta að árs-gjöld félagsins voru nýtt til þess að kaupa gjöfina.

Ný gjaldskrá Funa

Ný gjaldskrá hjá sorphendurvinnslustöðinni Funa fyrir árið 2006 tók gildi nú um áramótin. Samkvæmt henni greiða íbúðir í íbúðarhúsnæði 20 þúsund á íbúð, sorphreinsingjaldið er 9.700 kr. sorpeyðingargjaldið er 10.300. Þá greiða sumarbústaðir með takmarkaða íveru 5.150 krónur. Hægt er að nálgast gjaldskrána í heild sinni á vef sorphendurvinnslustöðvarinnar.

Þjáfaðir í skyndihjálpi

Fjórir ungir menn frá norðanverðum Vestfjörðum eru leið á sérhæft skyndihjálparnámskeið á vegum Rauða krossins. „Þetta eru fjórir hressir strákar á menntaskólaaldri sem sóttu námskeið á vegum Rauða krossins í Gamla apótekinu í nóvember. Þeir ætla nú að sérhæfa sig í skyndihjálpi og vera til taks ef á þarf að halda t.d. á mannámótum eins og útisamkomum“, segir Bryndís Friðgeirsdóttir, svæðisfulltrúi Rauða krossins á Vestfjörðum. Drengirnir verða í reglu- og legru þjálfun á vegum Rauða krossins til að halda kunnáttunni við.

Fékk fimm milljónir

Viðskiptavinur bensínstöðvar Esso á Ísafirði hagnaðist um fimm milljónir af því að kaupa þar lottómíða. Sá heppni hlaut þrefaldan vinning sem dreginn var út á laugardag fyrir tæpri viku. Tveir deildu með sér vinningnum og fékk hvor rúmar fimm milljónir í sinn hlut. Vinningshafinn hefur gefið sig fram í gegnum síma en hefur ekki enn sótt vinninginn. Ekki er vitað hvort vinningshafinn er Ísfríðingur, nærsvaitamaður eða ferðalangur.

Rúmlega 6,9 milljónir króna til Markaðsskrifstofu Vestfjarða

Heildarframlög sveitarfélaga á Vestfjörðum til Markaðsskrifstofu Vestfjarða nema rúmlega 6,9 milljónum. Aðilar að Markaðsskrifstofu Vestfjarða eru öll sveitarfélög á Vestfjörðum að undanskildum Bæjarhreppi, sem enn á eftir að taka ákvörðun um þátttöku sína. Framlög miðast við stærð bæjarfélaga og greiðir Ísafjarðarbær því stærsta einstaka framlagið, eða ríflega 3,7 milljónir króna, sem gerir 53,36% af heildarframlögum. Næst mest greiðir Vesturbyggð, 13,87% heildarframlaga, eða ríflega 960 þúsund

krónur. Þá er það Bolungarvík, sem greiðir 12,21%, eða rétt um 846 þús. Þar næst Hólmanvíkurhreppur með 6,39%, eða tæplega 443 þúsund. Svo Tálknafjarðarhreppur með 4,51%, eða tæplega 313 þúsund.

Reykholahreppur greiðir 3,66% eða tæplega 254 þúsund krónur. Súðavíkurhreppur greiðir 2,96% eða rétt um 205 þúsund krónur. Kaldrananeshreppur greiðir 1,62% eða 112 þúsund krónur. Árneshreppur greiðir 0,72%, eða ríflega 50 þúsund krónur, og Broddaneshreppur greiðir 0,7% eða ríf-



lega 48 þúsund krónur. Sem kunnugt er lét verkefnisstjóri Markaðsskrifstofu Vestfjarða af störfum nú um áramótin. Unnið er að ráðningu nýs verkefnisstjóra en alls sóttu 8 manns um starfið.



Rekstur Funa boðinn út?

Ekki hefur verið auglýst eftir nýjum forstöðumanni sorphreinsunar Funa á Ísafirði en eins og kunnugt er sagði Víðir Ólafsson, fyrrv. forstöðumaður upp störfum í desember. Að sögn Jóhanns Birkis Helgasonar, forstöðumanns tæknideildar Ísafjarðarbæjar, er ástæðan sú að verið er að skoða hugsanlegar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi stöðvarinnar. Hugmyndir eru uppi um að gera fyrirtækið að hlutafélagi eða jafnvel bjóða reksturinn út. Jóhann Birkir segir að auglýst verði eftir starfsmanni um leið og niðurstaða liggur fyrir. Á meðan gegnir annar starfsmaður Funa starfi forstöðumanns.

Niels R. Björnsson, matsveinn

Gefur kost á sér á lista Sjálfstæðisflokks



Niels R. Björnsson, matsveinn á Páli Pálssyni ÍS, hefur ákveðið að gefa kost á sér í prófkjöri sjálfstæðismanna, sem fram fer 11. febrúar nk., og sækist eftir fjórða sæti á lista. Niels hefur verið formaður Sjálfstæðisfélags Ísafjarðar sl. sjö ár, en hann flutti til Ísafjarðar frá Hofsósi árið 1993. „Ég er að mörgu leyti mjög ánægður með stefnu flokksins í bæjarmálum en tel að það sé öllum flokkum heilbriggt að endurnýja blóðið annað slagið“, segir Niels. „Ég hef starfað í baklandi Sjálfstæðisflokksins síðastliðin sjö ár og tel að nú sé tímaþætt að stíga fram, vonandi til heilla fyrir Ísafjarðarbæ.“ Niels var í 15. sæti Sjálfstæðisflokksins í síðustu sveitar-

stjórnmákosningum. Hann er alinn upp í Reykjavík og er giftur Þórdísi Ólöfu Eysteinsdóttur, þjónustufulltrúa í Landsbankanum og eiga þau tvær dætur, þær Svandísi Lilju og Gyðu Mjöll.

– eirikur@bb.is



Sólborg er stærsti leikskóli Ísafjarðarbæjar. Leikskólar Ísafjarðarbæjar

Enn lengjast biðlistar

Biðlistar eftir leikskólaplássi á Ísafjarðarbæ eru enn að lengjast. 21 barn eins árs og eldra er nú á biðlista. „Allir leikskólar eru fullsetnir og með biðlista fyrir utan Græna-garð á Flateyri. Ég reikna þó fastlega með því að öll barn eins árs og eldri komist inn í sumar eða vor“, segir Sigurlína Jónasdóttir, leikskólafulltrúi á Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar.

Biðlistar hafa verið að lengjast frá því snemma á síðasta ári og ekkert útlit fyrir að hægt sé að sporna við því í bráð. „Árgangur 2004 er mjög stór og nú erum við einnig að fá inn börn fædd 2005. Börnin eru þó að komast inn um rúmlega eins árs aldur“, segir Sigurlína. Þess má geta að í Ísafjarðarbæ eru sex leikskólar.

– thelma@bb.is



Gests Ingva Kristinssonar

Torfnesi, Hlíflífi 1, Ísafirði
áður Hlíðarvegi 4, Suðureyri
Sérstakar þakkir til starfsfólks á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði og heimahjúkrun á Hlíflífi, Torfnesi. Guð blessi ykkur öll.
Sólveig Hulda Kristjánsdóttir
Puríður Kristín Heiðarsdóttir
Kristinn Gestsson
Óðinn Gestsson
Gunnhildur Gestsdóttir
Jón Arnar Gestsson
Sveinbjörn Yngvi Gestsson
barnabörn og barnabarnabarn.

Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.
www.tg.is

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús/raðhús:

Hjallavegur 21: 303 m² einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri tvöfaldri bílgeymslu. Verð 23 m.kr.

4-6 herbergja íbúðir:
Fjarðarstræti 14: fjögurra til fimm herbergja nýlega uppgerð íbúð á miðhæð og í kjallara tvíbýlishúss, samtals 195 m². Verð 14,3 m.kr.

Pólgata 5a: 138 m² íbúð á efri hæð í tvíbýli ásamt hluta kjallara. Verð 5,0 m.kr.

Fjarðarstræti 11: 85 m² fjögurra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt hluta kjallara, samtals 123 m².

Verð 8,0 m.kr.
Túngata 20: 89 m² íbúð á 3.hæð ásamt geymslu í fjölbýlishúsi. Verð 8,0 m.kr.

Hlíðarvegur 29: 86 m² neðri sérhæð í tvíbýlishúsi, 3 svefni

Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!

herbergi. Verð 8,0 m.kr.
3ja herbergja íbúðir:
Stórholt 13: 79 m² íbúð á 2. hæð til hægri með yfirbyggðum svölum og sérgeymslu á jarðhæð. Verð 6,5 m.kr.

Stórholt 7: 74 m² íbúð á 1.hæð fyrir miðju í snyrtilegu fjölbýli, þvottahús er í íbúð. Verð 5,5 m.kr.

2ja herbergja íbúðir:
Urðarvegur 78: 77 m² stór íbúð á 3.hæð f. miðju ásamt geymslu. Gott útsýni yfir bæinn. Verð 5,9 m.kr.

Síðavik:

Eyrardalur 2: Fallett 138 m² álklætt einbýlishús með 62 m² stórum bílskúr og grónum garði. Verð 22 m.kr.

Aðalgata 16: 184 m² einbýlishús í sumarbyggð Súðavíkur. Verð 5,5 m.kr.

Túngata 10: 177 m² einbýlishús í sumarbyggð Súðavíkur. Verð 7,5 m.kr.

Atvinnuhúsnæði/Fyrirtæki:
Thai Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tekkjum og áhöldum Til sölu eða leigu Tilboð óskast.

Sindragata 7: Samtals 1730 m² atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum. Tilboð óskast.

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Sameinast fjögur stærstu íþróttafélög- in á norðanverðum Vestfjörðum í eitt?

Fyrir dyrum stendur að sameinast fjögur íþróttafélög á norðanverðum Vestfjörðum og standa vonir til að hægt verði að ganga frá sameiningunni á vordögum. Um er að ræða fjögur stærstu íþróttafélög innan vébanda Héraðssambands Vestfirðinga þ.e. Sundfélagið Vestra, Kórufuknattleiksfélag Ísafjarðar, Boltafélag Ísafjarðar og Skíðafélag Ísfirðinga. „Umræður hafa staðið yfir í nærri tvö ár, um að auka samstarf á milli íþróttafélaganna. Fyrst var rætt um að ná niður æfingagjöldum þannig að börn sem æfðu með fleiri en einu félagi þyrftu ekki að greiða margföld gjöld. Út frá því kom sú hugmynd að auka samstarfið enn frekar“, segir Gísli H. Halldórsson sem unnið hefur að sameiningunni frá því í maí og er í sameiningarnefnd G4 á vegum HSV. Sameiningarnefnd G4 fór

til Reykjavíkur í haust til að ræða við forsvarsmenn annarra félaga og leggja hugmyndir nefndarinnar fyrir menntamálaráðherra. „Mörg íþróttafélög starfa deildarskipt og hafa deildir fyrir fótbolta, skíði, sund og kórufolta o.s.frv. Einn stærsti kosturinn í því að hafa íþróttafélög undir einum hatti er að geta haft framkvæmdastjóra sem hefði umsjón með fjármálum og bókhaldi félaganna. Þekking glataðist ekki með hverjum stjórnskiptum og samræming íþróttastarfs auðveldaðist. Sjálfsgat yrði einfaldara að semja um stærstur styrkina þar sem félög in væru ein heild. Sameiningin býður einnig upp á möguleika sem við erum ekki enn farin að sjá fyrir, eins og samvinnu við skóla og annað“, segir Gísli.

Eftir að stærstu íþróttafélög in hafa sameinast yrði öðr-

um félögum innan HSV boðin þátttaka. „Vinnan er komin mjög langt á leið og svo gæti jafnvel farið að sameiningin fari fram í tengslum við ársþing HSV í vor. Ástæðan fyrir að aðeins þessi fjögur félög fara af stað með málið er að það einfaldar málin og allar

samningaviðræður. Þessi félög eru með langmesta iðkenda fjöldann og hafa þar af leiðandi mesta vægið“, segir Gísli.

Þá er eftir að finna nafn á hið sameinaða félag og verður óskað eftir tillögum. „Við munum leita til íbúa á svæðinu

til að hjálpa við nafngjöfina. En hvaða nafn sem verður fyrir valinu þá mun okkur þykja vænt um það þegar frá líður, því það er nú einu sinni þannig að þó að nafnið verði ókunnugt í fyrstu þá mun það liðkast með tímanum“, segir Gísli.

– thelma@bb.is

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Há sorphirðugjöld tilkom- in vegna sorphrenslnu

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir há gjöld fyrir sorphirðu og sorphirðingu tilkomin af því að í Ísafjarðarbæ sé sorphirðingur, eins og gert er í mörgum af þeim sveitarfélögum sem Ísafjarðarbær var borin saman við í könnun ASÍ. Af þeim fimmtán sveitarfélögum sem borin eru saman í könnuninni urðu tólf sitt sorphir, en það er mun ódýrara en að brenna. „Það er miklu dýrara að brenna þetta“, segir Halldór.

„En það er líka miklu umhverfisvænna. Á sínum tíma var leitað að urðunarstað fyrir sorphir á svæðinu, en það reyndist erfitt svo farið var í að byggja Funa, en eins og kunnugt er var ekki friður um stöð-



Sorphendurvinnslustöðin Funi.

ina á Skarfaskeri.“

Þess má geta að þau sveitarfélög sem brenna sorphir líkt og Ísafjarðar eru Vestmannaeyjar og Reykjanesbær. Í Reykjanesbæ eru sorphirðugjöld árið 2006 18.960 kr., og

í Vestmannaeyjabæ var gjöldið 10.000 krónur árið 2005, en engar tölur eru komnar fyrir árið í ár. Eins og áður sagði er sorphirðugjöld í Ísafjarðarbæ 20 þúsund krónur.

– eirikur@bb.is



Orkubú Vestfjarða

Semur við Visa um boðgreiðslur

Orkubú Vestfjarða mun hér eftir bjóða viðskiptavinum sínum að greiða reikninga sína með boðgreiðslum VISA, að því er fram kemur á heimasíðu Orkubúsins, en gerður hefur verið samstarfsátt milli fyrirtækjanna vegna þessa. Þetta þýðir að þeir viðskiptavinir Orkubúsins sem eru með kreditkort frá VISA geta látið skuldfæra kort sín mánaðarlega fyrir orkureikningum.

Einnig verður viðskiptavinum Orkubúsins boðið að greiða reikninga með léttgreiðslum, sem merkir að þeir geta fengið greiðsludreifingu til allt að sex mánaða. Héðan í frá sem og hingið til munu viðskiptavinir einnig geta greitt orkureikninga með beingreiðslum og látið þá skuldfæra mánaðarlega upphæðir af banka-reikningum sínum.

– eirikur@bb.is

Stútungur haldinn í 71. sinn

Stútungur, þorablót Flateyringa, verður haldið laugardaginn 4. febrúar. Síðustu ár hefur Stútungur verið annálaður fyrir vegleg heimatilbúin skemmtiatriði og hafa heilu revíurnar verið samdar af þessu tilefni. Boðið verður upp á þorramat og munu matreiðslumeistarar SKG veitinga reiða fram kræsingar.

Að borðhaldi loknu munu Margrét og Baldur halda uppi fjöri á dansgólfinu. Stútungur er þó fyrir alla, Önfirðinga og aðra, sem á annað borð hafa náð 18 ára aldri. Húsið verður opnað kl. 19:30. Þorablót Flateyringa hefur frá árinu 1935 verið haldinn undir nafninu Stútungur og fer því fram í 71. sinn.

– thelma@bb.is



Stútungur er þekktur fyrir vegleg skemmtiatriði sem heimamenn standa sjálfir að.

Vinnuhópur myndaður um staðsetningu olíubirgðastöðvar

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að myndaður verði vinnuhópur til að fjalla um framtíðarstaðsetningu olíubirgðastöðvar á Ísafirði. Í tillögu nefndarinnar er lagt til að vinnuhópurinn skipi hafnarstjóri, bæjarteknifræðingur og formenn umhverfisnefndar og hafnarstjórnar. Að sögn Kristján Kristjánssonar,

formanns nefndarinnar er mikið verk fyrir hönd. „Það þarf að kaupa sérfræðipjónustu á ýmsum sviðum“, segir Kristján. „Til dæmis lögfræðipjónustu, verkfræðipjónustu og hagfræðipjónustu. Þetta kemur til með að taka verulegan tíma enda á að fara yfir málið frá á til ö og þá ættu menn að hafa einhverja niður-

stöðu sem ekki er byggð á tilfinningum heldur er föst í hendi.“

Eins og fram hefur komið lagði hafnarstjórn til að farið yrði í heildarúttekt á þremur stöðum á Ísafirði, þ.e. Máva-garði, Sundabakka og Suðurgötu, þar sem olíubirgðastöðin er. Forsaga málsins er sú að bæjarráð lagði til fyrir stuttu

að beiðni Olíudreifingar ehf. og Skeljungs hf. um stækkun lóðar olíubirgðastöðvar við Suðurgötu um 1.130 m² yrði samþykkt og að heimild yrði veitt til uppbyggingar á lóðinni, en eftir umræður í bæjarstjórn var málinu vísað til umsagnar hjá hafnarstjórn og umhverfisnefnd.

– eirikur@bb.is



Olíutankar olíufélaganna við Suðurgötu.

Sólrisuhátíð Ögrandi leiksyning

Sólrisuleikrit Leikfélags Menntaskólans á Ísafirði í ár verður Hið ljúfa líf eftir Benóný Ægisson. Leikstjóri er Darren Forman leikari frá Bandaríkjunum. Hann hefur mikla reynslu af bæði leik og leikstjórn og hefur m.a. leikið í tveimur íslenskum myndum. Eflaust biða margir eftir sýningunni en hápunktur Sólrisuhátíðarinnar ár hvert er jafnan frumsýning á Sólrisuleikritinu.

„Ég tel þetta leikrit vera mun meira ögrandi en áður. Ef til vill eru einhverjir sem munu hneykslast á sýningunni en ég segi ekki meir. Fólki verður bara að koma á sýninguna til að sjá hvað ég er að tala um“, segir Oddur Elíasson formaður LMÍ. Æfingar hefjast í dag en yfir tuttugu leikarar koma að sýningunni.

Hið ljúfa líf hlaut önnur verðlaun í leikritasamkeppni sem Leikfélag Reykjavíkur efndi til í tilefni af hundrað ára afmæli Leikfélagsins árið 1997 og var leikritið frumsýnt sama ár í Borgarleikhúsinu. Það fjallar um kvöldstund á skemmtistaðnum Nátt-hrafninum þar sem fastagestirnir eru flyllybittur, dópistar og glæpamenn.

– thelma@bb.is

Félag áhugamanna um víkingaverkefni á sögslóðum Gísla Súrssonar

Fer fram á einnar milljóna króna styrk til víkingaverkefnis

Félag áhugamanna um víkingaverkefni á sögslóðum Gísla Súrssonar hefur farið fram á einnar milljóna króna styrk til Ísafjarðarbæjar til áframhaldandi framkvæmda á vegum félagsins á Oddanum á Þingeyri, en verkefninu hefur þegar verið tryggðar 5 milljónir króna frá fjárlaganefnd alþingis og gera félagar sér vonir um að fá fleiri styrkveitingar frá öðrum aðilum, meðal annars frá Ferðamálaráði Íslands sem styrkt hefur félagið um 4,5 milljónir króna undanfarin tvö ár. Bæjarráð tók vel í erindið á síðasta fundi sínum og vísaði því til atvinnuálagnefndar.

Hlutverk og markmið félagsins eru:

a) Að endurlífga sögusvið Gísla sögu Súrssonar í víðasta skilningi með því að koma upp snyrtilegri aðstöðu til móttöku ferðamanna, göngustígum og merkingum á helstu kennileitum sem koma fyrir í sögunni.

b) Að skapa alhliða þekkingarbrunn á sögslóðum Gísla Súrssonar um flest það sem tengist lifnaðarháttum Víkinga, þannig að áhugasamir aðilar geti sótt þangað bæði skemmtun og fræðslu. Stefnt verði að því að koma á fótí Víkingasetri, e.k. safna-

og þekkingarsetri, sem hefði m.a. að geyma muni sem tengjast Víkingatímanum, s.s. fatnað, vopn, búsaðhöld, amboð, handrit o.m.fl. Setrið mun einnig nýtast sem samkomu og vinnustaður.

c) Að standa fyrir ýmsum mannfagnaði með víkingaívafi í héraðinu.

d) Að greiða götu handverksfólks á svæðinu til framleiðslu og sölu minjagripa og til námskeiðahalds.

e) Að skapa sögusvæði Gíslasögu sterka jákvæða mynd og sérstöðu á sviði ferðamála m.a. með kynningu á starfi félagsins í þeim tilgangi að auka ferðamannstraum, fjölga atvinnutækifærum og auka tekjur á sviði ferðamála á svæðinu.

f) Að vera í samstarfi með Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða hf. og öðrum innlendum sem erlendum aðilum að verkefninu Destination-Viking Sagalands, sem nýtur styrks af hálfu NPP verkefni Evrópusambandsins. Verkefnið er háð skilmálum um tímalengd, fjárhagsáætlun og stjórnun sem starfsemi félagsins verður að hluta til að falla að. Nánar er kveðið á um slíka skilmála í sérstöku samkomulagi félagsins og Atvinnuþróunarfélagsins. – eirikur@bb.is



Frá víkingahátíðinni Dýrafjarðardagar sem haldin er hvert sumar á Þingeyri.



Bolungarvík.

Markaðsfulltrúinn í Bolungarvík

Heldur áfram störfum

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur samþykkt að leggja tvær milljónir króna í liðinn atvinnuálag til þess að standa straum af áframhaldandi starfi markaðs- og kynningarfulltrúa, en samþykkt var á síðasta bæjarstjórnarfundi að starfinu yrði haldið áfram næstu sex mánuði.

Þetta kom fram í umræðu um fjárhagsáætlun á síðasta fundi bæjarráðsins. Þar var einnig lagt til við bæjarstjórn að hún samþykkti viljayfirlýsingu þess efnis að hafnar verði

endurbætur á Víkurbæ, félagsheimili Bolungarvíkur, á árinu 2006. Þá lagði Soffía Vagnsdóttir, bæjarfulltrúi Bæjarmálaráðs félagsins, fram tvær bók-anir.

Í annarri ítrekaði hún vilja sinn um að ráðinn verði íþrótt- og æskulýðsfulltrúi í Bolungarvík, og í hinni lagði hún til að Tónlistarskóli Bolungarvíkur fengi allt húsnæðið við Skólástíg 3 til afnota enda hefði hann „fyrir löngu sprengt húsnæðið utan af sér“.

– eirikur@bb.is

www.icelandair.is

Frábært verð til Bandaríkjanna!

FLUG og GISTING	FLUG
<p>New York Verð frá 51.500 kr.*</p> <p><small>Innl. Flg. hefur hefur. Afgangsbætur, gistingu í 3 nætur í Cosmopolitan Hotel Tribeca og þjónuageldi.</small></p>	<p>New York · Boston Baltimore/Washington</p> <p>Verð frá 36.900 kr.*</p> <p><small>Innl. Flg. hefur hefur með Afgangsbætur.</small></p>
<p>Boston Verð frá 47.100 kr.*</p> <p><small>Innl. Flg. hefur hefur. Afgangsbætur, gistingu í 3 nætur í Midtown Hotel og þjónuageldi.</small></p>	<p><small>* Salubrátt er til 27. janúar. Breytir á tímabilinu 20. janúar til og með 28. febrúar. Síðasta heimkomu 31. mars. Verð miðast við að bítað sé á www.icelandair.is. Afbúð að flugi hefur eru í boði. Tölur eru náðar.</small></p>
<p>Baltimore Verð frá 46.800 kr.*</p> <p><small>Innl. Flg. hefur hefur. Afgangsbætur, gistingu í 3 nætur í Days Inn Inner Harbor og þjónuageldi.</small></p>	<p><small>Þessi Flg. gæla 4.200 Vísirpunkta.</small></p>
<p>Washington Verð frá 48.500 kr.*</p> <p><small>Innl. Flg. hefur hefur. Afgangsbætur, gistingu í 3 nætur í Washington Plaza Hotel og þjónuageldi.</small></p>	<p>ICELANDAIR </p> <p>www.icelandair.is</p>

mannlífíð

Ábendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn
18. janúar, 18. dagur ársins 2006

Pennan dag árið 1930 tók Hótel Borg til starfa þegar tveir veitingasalir voru opnaðir, en gistihúsið var tekið í notkun í maí. Hótelíð var sagt „meiriháttar gisti- og veitingahús“ en það var reist „vegna væntanlegrar gestakomu og mikillar og virðulegrar“ til Alþingishátíðarinnar, segir í Árbókum Reykjavíkur. Eigandi hótelsins var Jóhannes Jósefsson.

Pennan dag árið 1968 var leigubílstjóri myrtur í Reykjavík. Rannsókn málsins var umfangsmikil en enginn fundinn sekur.

Pennan dag árið 1969 kom eldur upp á Korpúlfsstöðum og miklar skemmdir urðu á húsum.

Heimild: *Dagar Íslands*. Jónas Ragnarsson tók saman.

● Á þessum degi fyrir 30 árum



Lítill áhugi á hótun um slit

Bresk blöð sögðu lítið frá yfirlýsingu Geirs Halldórssonar forsætisráðherra um slit stjórnmálasambandsbands við Breta verði flotinn ekki kallaður á brott í gær. [...]

Breskir embættismenn segja aðeins að þeir harmi ákvörðunina og að Bretar telji Íslendinga vinapjóð og bandamenn í NATO ítreka að stjórnmálaslit torveldi samningaviðræður og benda á að komi til stjórnmálaslita verði það í fyrsta skipti í 26 sögu NATO sem slíkt gerist.

Þeir hafa einnig lýst vonbrigðum vegna þess að Íslendingar hafa fallið frá tilboðinu um 65.000 tonna ársaflla og sagt að ekkert hafi komið fram sem sýni að ástand fiskistofnanna hafi versnað síðan í viðræðunum í nóvember. Þá segja þeir Breta vilja meiri viðræður fiskifræðinga um fiskistofna og reiðubúna að kalla herskipin burtu ef áreitni við breska togara verði hætt.

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Norðvestlæg átt og dálítill el norðaustanlands, en annars skýjað með köflum og frost 0-5 stig. Vaxandi suðaustanátt með slyddu eða rigningu suðvestanlands um kvöldið og hlýnar í veðri.

Horfur á laugardag:

Suðvestlæg átt og eljagangur, en úrkomulítið austantil Hiti í kringum frostmark.

Horfur á sunnudag:

Suðvestlæg átt og eljagangur, en úrkomulítið austantil.

Horfur á mánudag:

Útlit fyrir suðaustanátt með rigningu, einkum sunnan til og hlýnandi veðri.

● Spurning vikunnar

Ferð þú á þorablót?

Alls svöruðu 783. – Já sögðu 419 eða 54% – Nei sögðu 211 eða 27% – Veit ekki sögðu 153 eða 19%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? • Heiðrún Björnsdóttir, sjúkraliði á Ísafirði

Lærdómsríkt og skemmtilegt tímabil

„Það er allt gott að fréttá. Ég var að útskrifast úr sérnámi fyrir sjúkraliða í hjúkrun fyrir aldraða. Við vorum sex sem vorum að ljúka í fjarnámi í þessu námi frá Fjölbrotaskólanum í Ármúla. Þrír aðrir staðir út á landi voru með nema fyrir utan Reykjavík. Fjarnámið tók fjórar annir á tveimur öðrum en í fullu námi tekur það einungis eitt ár. Það var æðislegt að fá þetta heim í

hérað eins og maður segir því það eru ekki allir sem geta farið suður eða norður. Við erum núna orðnar ansi margar sem hafa lokið þessu sérnámi eða upp undir 70. Það er mjög jákvætt því það eykur gæði hjúkrunarinn á hjúkrunarheimilum fyrir einstaklinga. Við viljum að sjálfsgöðu hafa fagmennskuna. Þetta hefur verið efst á baugi hjá mér síðustu tvö ár. Þetta

hefur verið gott tímabil, lærdómsríkt, skemmtilegt og líka stundum strembið.

Svo verð ég líka með stuðningshópa Sigurveonar aftur í ár. Þeir lágu niðri síðasta ár vegna ýmissa ástæðna meðal annars vorum við í vandræðum með húsnæði. Nú er Sigurveon komin í nýtt húsnæði svo við erum að ræða málin og reyna koma þessu aftur á.“



Gisli og Hjalti: Bræðurnir Hjalti og Gisli í hermannaþúningum.

Þjálfaður til að standa vörð um líf Danadrottningar

Ísafirðingurinn Gisli Ragnarsson er í þjálfun hjá konunglegum lífverði Margrétar Þórhildar Danadrottningar við Amalienborgarhöll í Kaupmannahöfn. Þar fetar hann í fótspor Hjalta bróður síns sem varð lífvörður árið 2004 og fór síðan í danska herinn. Den kongelige livgarden eru þrautþjálfaðar bardagasveitir og er þjálfunin mjög stíf og krefjandi. Gisli segist þó ekki viss hvort hann ætli í herinn eins og bróðir sinn sem fór í lífvörðinn af því að það var fljótlegasta leiðin í danska herinn. Hjalti sinnti herþjónustu í Kosovo og hlaut orðu ásamt félögum sínum í herdeildinni fyrir að vera harðsnúnasta herdeild sem komið hefur til Kosovo. Hjalti lærði á stuttum tíma bæði að tala serbísku og albönsku og hefur herinn boðið honum samning til tveggja ára sérnáms. Hann er nú að undirbúa för sína til Íraks.

Gisli og Hjalti fluttu af landi brott ungrir að aldri ásamt for-

eldrum sínum Ragnari Haraldssyni og Sigríði Þórhildar dóttur og bróður sínum Ingólfi sem leikur knattspyrnu með landsliði Danmerkur skipuðu leikmönnum 17 ára og yngri. Fjölskyldan á mörg skyldmenn fyrir vestan.

Bæjarins besta hafði samband við Gísla og ræddi við hann um þjálfun hans hjá konunglega lífverðinum og fór bróður hans til hins stríðhrjáða Íraks.

– Hver er ástæðan fyrir því að þig langar til að verða lífvörður?

„Mig langaði til að reyna eitthvað sem væri erfitt og reyndi á mann til hins ítrasta. Þetta er það erfiðasta sem hægt er að komast í þar sem ég bý í Danmörku svo það varð fyrir valinu. Ég hóf því þjálfun til að verða lífvörður Margrétar Danadrottningar í byrjun desember.

– Hvað tekur þjálfunarferlið langan tíma?

„Eftir fjóra mánuði byrja ég í „vagtöskan“ sem er

sérþjálfun í halda vakt um drottninguna. Núna er ég bæði að læra það sem ég þarf að kunna til að geta haldið vakt en einnig læri ég hvernig á að vera hermaður og geta barist. Þetta er töluverð vinna.“

Ekki ákveðinn að fara í herinn

– Hvað ætlaðu að gera að þjálfun lokinni?

„Það er ekki ráðið ennþá en ég býst við að fara aftur í skóla.“

– Þú ætlar ekki í herinn eins og bróðir þinn?

„Ég veit það ekki, ef ég fengi eitthvað sérstakt tilboð þá væri ég alveg til í það. En það er ekkert ákveðið hjá mér. Mér finnst mjög skemmtilegt í þjálfuninni þó það sé líka erfitt. Núna vorum við að ljúka því að æfa okkur í að ganga vörð og vorum vaktir þrisvar um nóttina og vorum svo að á fullu. Svo ég er eiginlega búinn að vera vinna í einn og hálfan sólarhring núna. Það

hefur verið alveg sérstaklega erfitt þessa viku.“

– Farið þið á vaktir eins og þrautþjálfaðir lífverðir?

„EKKI strax en þegar við erum búnir í þessari þjálfun getum við varið drottninguna. Þá höfum við lært allt sem til þarf svo það verður gaman.“

Nú er Hjalti bróðir þinn í hernum og á leið til Íraks.

„Já, hann fer með líði sjö í danska hernum í febrúar. Hann segist hlakka mikið til. Hann hefur gaman af því að vera þar sem er hasar og nýtur þess að takast á við erfið verk-efni. Það er frekar hættulegt að vera á þeim stað.“

– Verður hann lengi í Írak?

„Ég held að hann verði þar í sex mánuði, þó ég sé ekki alveg viss. Hann var í Kosovo í um hálfu ári og ég held að það sama verði núna,“ segir Gisli sem er nú í sömu sporum og bróðir hans fyrir einu og hálfu ári. Bæjarins besta kvaddi Gísla svo hann gæti hvílst eftir langa og erfiða viku í þjálfun fyrir Den kongelige livgarden.

Skíðaíþróttin er svo ísfirsk



„Uppáhaldsíþróttagreinin mín er skíðaíþróttin. Það fylgir því svo mikið frelsi að vera á skíðum. Þetta er mikil fjölskylduþrótt og hér á Ísafirði er hægt að iðka hana bara við bæjardyrnar.

Ég stunda skíði og hef gert það í 25 ár eins og leigubílstjórinn segir í Spaugstofunni, og öll mín fjölskylda gerir það líka og við förum saman á skíði. Mér finnst að allir ísfirðingar ættu að hafa áhuga á skíðum. Þetta er svo ísfirskt“, segir Bryndís.



Biskupinn og baráttan

Enn hefur umræðan um samkynhneigð gosið upp. Ræða hins lúterska biskups um áramót hefur vakið mikla athygli sem og ummæli hans í fjölmiðlum um hjónabandið. Biskup segir að ekki megi fleygja hjónabandinu á sorphauga. Biskup hefir verið ákaft gagnrýndur og það má heita að varla heyrst bofs í nokkrum sem taka undir orð hans. Það telja í hæsta máta undarlegt þar sem orð hans eru mjög hófstíllt, klassísk kristin afstaða til hjónabandsins. Það er ljóst að herferð kynvillinganna fyrir forréttindum er gengisfelling hjónabandsins ef hún nær fram að ganga. Þeir eru herskár mjög og hafa náð að kasta ryki í augu þorra manna.

Einn merkasti maður Íslandssögunnar

Þann 14. september voru fjórar aldir liðnar síðan Brynjólfur Sveinsson biskup í Skálholti fæddist að Holti í Öndarfirði. Af því tilefni hefur verið sýning um ævi og störf Brynjólfs Sveinssonar biskups og samtíma hans í Safnahúsinu. Ber hún yfirskriftina Brynjólfur og 17. öldin og er sett upp í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða. Brynjólfur Sveinsson biskup í Skálholti er einn af merkustu mönnum Íslandssögunnar Þegar hann lauk námi erlendis og tók við embætti biskups í Skálholti 34 ára að aldri var hann talinn lærðasti maður í allri Evrópu og hafði verið boðin staða rektors við Kaupmannahafnarháskóla.

Brynjólfur gegndi mikilvægu hlutverki í sögu Íslands, sem leiðtogi kirkjunnar, veraldlegur höfðingi, heimspekingur, fræðimaður, latínuskáld og frumkvöðull á sviði mennta og kirkjustjórnar. Hann hafði forgöngu um að safna handritum og lét skrifa þau upp. Sem biskup dró hann úr áhrifum galdráfársins í samtíð sinni.

En Brynjólfur átti ekki bara minnisverða ævi, hann var einnig uppi á merkum tímum. Sautjándi öldin er mikilvæg í sögu Íslendinga, ekki síst í menningarsögunni. Fræðimenn þessa tíma varðveittu margt frá miðöldum sem ell-egar hefði glatast, auk þess sem Íslendingar tóku virkari þátt þá en oft áður og síðar í menningarstraumum samtíðar sinnar.



Brynjólfur var yngri sonur prestshjónanna þar, Sveins Símonarsonar og Ragnheiðar, dóttur Staðarhóls-Páls Jónssonar og Helgu, dóttur Ara lögmanns Jónssonar Arasonar Hólabiskups. Brynjólfur nam latínu og lútersk fræði við Skálholtsskóla.

Hann sigldi um tvítugt til Kaupmannahafnar og las guðfræði og klassísk fræði við háskólann þar.

Þrátt fyrir að lítið sem ekkert hafi birst af hans eigin verkum á prenti er það fræðimennsku hans að þakka að enn er varðveitt mörg bestu skinnhandrit þjóðarinnar. Má þar nefna sem dæmi Flateyjarbók og Konungsþók Eddukvæða en þeim safnaði Brynjólfur í þeim tilgangi að gefa þau út á prenti.

Brynjólfur kvæntist Margréti Halldórsdóttur lögmanns Ólafssonar árið 1640. Þeim fæddust sjö börn sem flest dóu í æsku en tvö komust á manndómsár. Ragnheiður og Halldór. Fræg er sú harmsaga sem varð vegna samdráttar Ragnheiðar og Daða Halldórssonar kennara hennar og þjónustumannni biskups. Þannig var að Ragnheiður ól son 15. febrúar 1662 í Bræðratungu en hafði um það bil níu mánuðum fyrr svarið sig óspillta mey með eiði í Skálholtsdómkirkju. Ragnheiður lést rúmu ári eftir barnsburðinn á 22. ári, en biskup fékk skömmu síðar kóngsbref upp á uppreisn hennar sem gerði hennar ráð sem óspjallaðrar meyjar.

● Stuttar fréttir

Ók utan í bíl á ferð

Bifreið var ekið utan í annan bíl við framúrakstur á Skutulsfjarðarbraut á aðfarnótt sunnudags. Þegar lögregla kom á vettvang var ekki ljóst hver ökumaður bílsins sem ók framúr var en alls voru fjórir aðilar í bílnum þegar árekssturinn varð. Fjórmenningarnir virtust allir vera undir áhrifum áfengis og voru þeir handteknir og færðir í fangaklefa. Eftir að hafa sfofið úr sér voru þeir yfirheyrðir og upplýstir þá hver ökumaður bílsins var. Hann er eins og áður segir grunaður um ölvun við akstur.

Ekið á kyrrstæðan bíl

Á fimmtudag barst tilkynning til lögreglunnar á Ísafirði um að ekið hefði verið utan í grænan bíl af gerðinni MMC Lancer sem stóð mannlauk á bílastæði Menntaskólans á Ísafirði. Sá er olli tjóninu lét sig hverfa af vettvangi án þess að gera eiganda eða lögreglu viðvart. Lögreglan óskar eftir upplýsingum frá öllum þeim sem vitneskju kunna að hafa um árekssturinn.

Mokstur gengur vel

Þrátt fyrir töluverða ofankomu um helgina voru götur Ísafjarðar ekki mokaðar fyrr en á mánudagsmorgun. „Það var ekki talin vera þörf á því og það hefur verið þannig í mörg ár að ekki er mokað um helgar nema því meiri snjó sé. Víðast hvar var fært nema einstakar götur“, segir Jónas Sigurðsson sem leysti bæjarverkstjóra af á meðan hann var í fríi. Aðspurður hvort einhverjar kvartanir hafi borist vegna þessa segir Jónas svo ekki vera. „Fólk hefur alist upp við þetta og er ekkert að væla. Það veit að hverju það gengur.“ Mokstur hófst kl. 06 á mánudagsmorgunn.



Inga Jóna Grétarsdóttir.

● Brennslan mín · Inga Jóna Grétarsdóttir sölumaður

Hækka alltaf í botn...

Lögin eru ekkert í sérstakri röð. Ég hefði getað gert topp 100 en þessi lög komu fljótlega í hugann ásamt mörgum góðum lög sem ég hefði viljað hafa með.

- 1. Big City life – Mattafix**
Hækka alltaf í botn þegar ég heyri lagið. Það er líka gaman af því að sonum mínum fíla lagið líka í tætlur.
- 2. Beauty of grey – Live**

Æðislegt lag. Yngri sonur minn er búinn að fíla þetta lag síðan hann var 7 mánaða.

- 3. Feel – Robbie Williams**
Gott þunglyndislag sem höfðar örugglega til margra.

- 4. Don't let me get me – Pink**
Ég bara elska Pink.
- 5. In the end – Linkin park**
Einfaldlega æðislegt lag.

- 6. Kryptonite – Three doors down**
Minnir mig óendanlega mikið á tíma sem ég eyddi með Guðrúnu vinkonu minni í Mosfellsbænum.

- 7. Breakfast at Tiffany's – Deep Blue Something**
Ég og Braga vinkona mín eigum þetta lag saman og því minnr það mig ávallt á hana.
- 8. Lullaby – Shawn Mullins**

Ég heyrði þetta lag í fyrsta skiptið í þegar ég bjó út í Kanada. Allur diskurinn hans Shawn er mjög góður.

- 9. Where is the love – Black eyed peas**
Finnst þetta einfaldlega mjög flott lag

- 10. Say what you want – Texas**
Þetta lag er á Greatest hits diskurinn sem er mjög góður.

– thelma@bb.is



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINN BESTI

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

PÓSTURINN
allur pakkinn

bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn



Fjölmenni var á fundinum sem haldinn var í Víkurbæ á laugardag.

Skorað á ríkisstjórn Íslands að tryggja varanlega samgöngulausn

Mikill fjöldi fólks safnaðist saman í Víkurbæ á laugardag til að ræða samgöngumál á Vestfjörðum, en boðað hafði verið til fundarins af hálfu áhugafólks um bætta samgöngur á Vestfjörðum og fékk félagsskapurinn Bolungarvík-

urkaupstað, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurbæ og lið með sér auk þess sem til stóð að Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, yrði á fundinum en hann komst ekki sökum veðurs. Þá sendu Vegagerðin og snjóflóðasetur Veðurstofu Íslands

fulltrúa sína, auk þess sem Steinþór Bragason áhugamaður um samgöngumál flutti erindi.

Fundurinn sendi frá sér áskorun til ríkisvaldsins þar sem skorað er á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því með öllum

ráðum að tryggja varanlega lausn í samgöngumálum á norðanverðum Vestfjörðum. Þá afhenti Pálína Vagnsdóttir bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur, og sveitarstjóra Súðavíkur, undirskriftalistann „Við viljum göng“ þar

sem skorað er á yfirvöld að gera göng frá Syðridal inn í Vestfjarðagöngin, auk gangna frá Súðavík til Ísafjarðar.

Ítarlegri frásögn af fundinum er að finna á blaðsíðu 4 í blaðinu í dag.

– eirikur@bb.is

Bolungarvík Dregur úr umferð um Óshlíðarveg

Umferð um Óshlíðarveg hefur minnkað lítillega undanfarin tvö ár, að því er fram kemur á Samgönguvefnum. Árið 2003 óku að meðaltali 632 bílar um Óshlíð á dag, en árið 2004 voru þeir orðnir 614 að meðaltali. Þá kemur reyndar einnig fram að árið 2003 sé metár síðustu fimm ár og líklega frá upphafi. 569 bílar keyrðu að meðaltali um Óshlíð á dag árið 2001, og 593 árið 2002.

Þá segir í fréttinni: „Ekki er ljóst hver ástæða minnkunar umferðar er en leiða má að því líkur að hætta á ofanflóðum, grjóthruni og snjóflóðum, og auknar kröfur um öryggi geri það að verkum að Bolvíkingar og gestir þeirra fari Óshlíðarveg sjaldar en þegar mest lét og síður að öþörfu. Auk þess hefur íbúum eitthvað fækkað á sama tímabili.“

– eirikur@bb.is

Hæstu sorphirðugjöldin í Ísafjarðarbæ

Sorphirðugjöld af íbúðarhúsnæði eru hæst í Ísafjarðarbæ af 15 stærstu sveitarfélögum landsins. Hækkuðu þau mest frá árinu 2005 til ársins 2006 eða um 10,5%, úr 18.100 í 20 þúsund krónur sléttar.

Sorphirðugjöld hækkuðu víðast hvar á landinu, nema á Seltjarnarnesi og í Fljótsdalshéraði. Næst hæst er sorphirðugjaldið í Reykjanesbæ, eða 18.960 kr., og þar á eftir í Fjarðabyggð, eða 15.435 kr. Lægst er sorphirðugjald á Seltjarnarnesi eða 7.200, og næst lægst í sveitarfélaginu Skagafirði.

Í samtali við Halldór Halldórsson bæjarstjóra fyrir skemmstu tjáði hann bb.is að tilefni væri til að taka sormál Ísafjarðarbæjar til nokkurrar endurskoðunar og sagði ýmislegt þrýsta á yfirvöld um að reyna að reka sormálin sem eina heild; sorphirðununa, sorpeyðinguna, endurvinnsluna og mótökuna, og stendur til að skoða hvort vænlegt sé að mynda einkahlutafélag um þessi mál. Hvort það kemur til, eða verður til gjaldalækkingunar, verður svo bara að koma í ljós.

– eirikur@bb.is

Brunabótamat fasteigna á Vestfjörðum

Hækkar um 3 milljarða milli ára

Heildarbrunabótamat á Vestfjörðum var upp á rúma 90 milljarða króna í árslok 2005 en var um 87 milljarðar í lok ársins á undan. Í Ísafjarðarbæ var brunabótamatið rúmlega 45 milljarðar og hefur hækkað um 3,2% á milli ára. Mesta hækkunin átti sér stað í Súðavíkurbæ þar sem matið var rúmar 4,5 milljarðar króna, eða 5,1% hækkun.

Í Bolungarvík var matið um 11 milljarðar og hækkaði um 3,0%. Í Reykhólahreppi var það rúmur 4,5 milljarðar sem er 4,8% hærra en árið áður. Í Tálknafjarðarhreppi var það



Mesta hækkunin átti sér stað í Súðavíkurbæ þar sem matið var rúmar 4,5 milljarðar króna. 3 milljarðar og hækkunin 4,4%. 14 milljarðar og 4,3% hækkun í Vesturbyggð og tæplega 1,5 milljarðar króna í Vesturbyggð eða 0,9% hækkun. Þá var matið á Hólmavík tæpir sex milljarðar króna. Frá þessu er greint á vef Fasteignamats ríkisins en um hver áramót er brunabótamat endurreiknað með nýjum verðgrunni og tekið tillit til árlegra afskrifta. Heildarbrunabótamat á öllu landinu var 3.063 milljarðar króna.

Hæstu leikskólagjöldin í Ísafjarðarbæ

Hæstu gjöld fyrir átta tíma vistun með fæði á leikskóla eru í Ísafjarðarbæ, ef borið er saman við fimmtán fjölmennustu sveitarfélög landsins. Í Ísafjarðarbæ er almennt gjald 33.050 kr. og fyrir forgangshópa (einstæða foreldra og námsmenn) 24.213 kr. Lægsta al-

menna gjaldið fyrir samskonar þjónustu er á Akureyri þar sem almennt gjald er 22.325, og fyrir forgangshópa er lægsta verð í Reykjavík eða 13.050 kr.

Hækkun varð á almennu gjaldi í Ísafjarðarbæ um 1,1%. Næsthæsta almenna gjald fyrir átta vistun með fæði er Kópa-

vogskaupstað þar sem það er 29.188 kr. Bilið milli hæstu og lægstu sveitarfélaganna eykst frá því í fyrra. Munur á hæsta og lægsta almenna gjaldi er 48% í ár, en var 44% í fyrra. Munur á hæsta og lægsta gjaldi fyrir forgangshópa var 48% árið 2005, en er nú 85%. – eirikur@bb.is



Hvergi er rukkað meira fyrir átta tíma vistun með fæði á leikskóla en í Ísafjarðarbæ.